



Alþingi  
Erindi nr. P 139/32  
komudagur 28.10.2010

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjamefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2010  
Tilvísun: 201010-0020

**Efni:** Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991, 108. mál.

Í janúar 2009 lagði ASÍ til við ríkisstjórnina að 2.mgr. 165. gr. l. 21/1991 yrði breytt þannig að protamaður beri ekki ábyrgð á skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldprot hans. Jafnframt voru þessi sjónarmið og önnur er varða réttindi skuldara kynnt með sérstakri herferð í fjölmiðlum. Flest það sem ASÍ lagði þá til gekk eftir en ekki þetta.


Rök ASÍ eru þau, að breytingin sé brýn vegna mikillar skuldsetningar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði á undanförmum árum. Líklegt er að stór hópur einstaklinga sem tók bæði gengistryggð og verðtryggð lán verði gjaldprotá á næstu mánuðum, misserum og árum og óásættanlegt að þeir sem lenda í þeim harmleik eigi sér ekki viðreisnar von. Það er jafnframt brýnt vegna þess óréttlætis sem í því felst, að einstaklingar sem stofnuðu hlutafélög utan um skuldsetningu sína, líkt og algengt var í fjármálaheiminum, skilja þær skuldir endanlega eftir við gjaldprot þeirra félaga því gjaldprotá hlutafélög ljúka endanlega tilvist sinni við gjaldprot, nokkuð sem einstaklingar gera ekki. Með þessum hætti hallar mjög á einstaklinga í greiðsluvandræðum.

ASÍ gerði þann fyrirvara, að til skuldanna mætti hvorki hafa verið stofnað á óheiðarlegan hátt né að niðurfellingin gæti talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings almennt.

Það frumvarp sem nú er lagt fram mætir þessum grundvallarsjónarmiðum. ASÍ telur þó að betur þurfi að vanda til þess með hvaða hætti og á hvaða forsendum fyrningu megi slíta gagnvart kröfum sem löggjafinn telur að ekki skuli njóta hins skamma fyrningarfrests.

Í fyrsta lagi er brýnt að sjónarmið varðandi kröfur sem orðið hafa til með saknæmum og ámælisverðum hætti verði meitluð með skýrum hætti inn í lagaákvæðið sjálft. Greinargerð með frumvarpinu eins og það er nú er fátækleg um þetta efni og veitir fjarri lagi nægilega leiðsögn um framkvæmd. T.d. verða sektir eða kröfur um skaðabætur vegna refsiverðs athæfis ekki til með saknæmum og ámælisverðum hætti eins og það er orðað í greinargerð, heldur þvert á móti verða þær til með lögsmætum hætti en stafa af ólögsmætum og saknæmum athöfnum. Erfitt er jafnframt að tengja það dæmi sem tekið er í greinargerð við þær heimildir sem greindar eru í lagaákvæðinu sjálfu. Þar er einungis fjallað um „sérstaka hagsmuni“.

Alþingi  
·  
·  
·



Í öðru lagi er hvorki í ákvæðinu sjálfu og aðeins lauslega í greinargerð vikið sérstaklega að kröfum sem óhæfilegt gæti verið gagnvart öðrum skuldurum eða samfélaginu sjálfu að veita skamma fyringu. Það getur t.d. átt við kröfur sem stofnað hefur verið til vegna óhóflegrar neyslu og fjárráða vegna óhæfilegra arðgreiðslna, óhóflegra kaupauka og annarra slíkra ósiðlegra athafna án þess þó að það geti hafa talist ámælisvert að leggja í skuldsetninguna sjálfa miðað við þau fjárráð sem viðkomandi hefur haft.

ASÍ leggur því til að lagatextinn geymi skýr ákvæði um að *kröfur sem rót eigi að rekja til saknæmrrar og ólögætrar háttsemi eins og t.d. sektir, skaðabætur vegna líkamstjóns og ólögætra árása á líkama manns eða æru, veruleg vanskil vörsluskatta og kröfur hvers stytting fyrningartíma á getur talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings og samfélagsins almennt* njóti ekki hins skamma fyringarfrests. Skilyrði þessi verði síðan nánar útfærð í greinargerð.

Að lokum er bent á, að brotaminna og einfaldara er að fela héraðsdómara þegar við búskiptin að úrskurða um fyringarfrist krafna.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.  
Lögræðingur ASÍ.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/167  
komudagur 8.11.2010



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2010

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), þskj. 116 – 108. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. BSRB fagnar því að frumvarp sé lagt fram til að taka á þeim vanda sem stórir hópar eiga að glíma við. Ljóst er að til sértækra aðgerða verður að grípa fyrir þá sem í verstri stöðu eru.

BSRB veltir því hins vegar upp hvort óheppilegt sé að fyrningarfrestur sé styttri en sá tími sem gefinn er í greiðsluáðlögun. Þó er að einhverju leyti sleginn varnagli við því í frumvarpinu, þar sem dómari þarf að fallast á að krafa falli niður að tveimur árum liðnum.

BSRB lýsir sig sammála aðalbreytingu frumvarpsins; þ.e. að ekki sé hægt að viðhalda kröfu endalaust með því að slíta fyrningarfresti, líkt og nú er. Við þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi þarf að grípa til sérstakra ráða. Fordæmislaust ástand efnahagsmála má ekki verða til þess að fólk verði dæmt úr leik í samfélaginu árum og jafnvel áratugum saman.

Fyrir hönd BSRB

  
Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri



Nefndarsvið Alþings  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. nóvember 2010  
EBG/hó

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum á 139. löggjafarþingi, þskj. 116 – 108. mál**  
*Tilv. 2010110001*

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 22. október 2010.

Bændasamtök Íslands telja frumvarpið mikla réttarbót fyrir skuldara frá því sem er í dag. Hins vegar telja Bændasamtökin ástæðu til þess að benda á að þau telja of mikið svigrúm gefið til túlkunar á ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Það er ekki ljóst hvað við er átt þegar talað er um sérstaka hagsmuni lánardrottins af því að fá dóm fyrir kröfu sinni svo og þegar talað er um að líkur megi telja á því að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Bændasamtök telja ráðlegt að skýra betur hvað við er átt en lagabreyting þessi mun ekki gagnast þeim sem henni er stefnt að ef lagagrundvöllur fyrir því að fá dóm fyrir viðurkenningu á fyrningarslitum er óljós og lagaheimild fyrir slíkum slitum er of opin.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur

allskun.

108. mál

Alþingi  
Erindi nr. P 139/173  
komudagur 8.11. 2010



Reykjavík, 2. nóvember 2010

**Upplýsingabeiðni v/vanskila einstaklinga.**

Fyrirspurnaraðili: Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi, 27. október 2010. Forsætisráðuneyti.

Vanskilamál eldri en 90 daga, í virku löginnheimtuferli	Fjöldi virkra vanskilamála (löginnheimta) 1. janúar 2008	Fjöldi virkra vanskilamála (löginnheimta) 27. október 2010	Mismunur	Getur ekki verið fyrsta mála skrá*	Mál sem eru oftast fyrsta mála skrá*	Líklegar greiðsluáttur (í dögum) áður en færsla er komin til skráningar hjá Creditinfo*
Árituð stefna	9.381	17.898	91%		x	190
Árituð stefna, ábm.	836	1.371	64%		x	190
Dómur	380	917	141%		x	190
Dómur, ábm.	26	67	158%		x	190
Vanskil - Greiðsluáskorun ásamt birtingarvottorði	7.632	14.116	85%		x	145
Vanskil - Greiðslusamkomulag	845	1.201	42%			100
Vanskil - Nauðasamningur í vanskilum	0	0	0%			700
Innköllun vegna nauðasamnings	8	0	-100%			300
Innköllun A vegna gjaldprotaskipta	0	54	100%			410
Innköllun B vegna gjaldprotaskipta	0	52	100%			415
Vanskil	643	494	-23%			90
Vanskil - Árangurslaust fjárnám	297	245	-18%			120
Vanskil - Árituð stefna	1.251	841	-33%		x	190
Vanskil - Árituð stefna, ábm.	191	124	-35%		x	190
Vanskil - Dómur	15	8	-47%		x	190
Vanskil - Dómur, ábm.	6	1	-83%		x	190
Vanskil - Réttarsátt	368	1.004	173%			180
Vanskil - Samkvæmt skuldaskjali	21	1.397	6552%		x	90
Vanskil - Samkvæmt skuldaskjali, ábm.	8	220	2650%		x	90
Vanskil - Skuldabréf	253	2.676	958%		x	120
Vanskil - Skuldabréf, ábm.	182	116	-36%		x	120
Fyrirtaka nauðungarsöluþeigi	3.246	7.663	136%		x	250
Byrjun uppboðs	3.849	9.893	157%	x		310
Framhaldsuppboð	1.596	4.499	182%	x		360
Vanefndaruppboð	2	4	100%	x		460
Lögmætri fjárnámsboðun ekki sinnt	0	2.401	100%			250
Árangurslaust fjárnám	28.701	31.771	11%			350
Greiðsluáttun	0	2	100%		x	150
Gjaldprot	963	582	-40%			380
Innköllun vegna gjaldprotaskipta	1.421	1.105	-22%	x		410
Skiptalok	868	603	-31%	x		900
<b>Samtals fjöldi vanskilamála/mála</b>	<b>62.989</b>	<b>100.325</b>	<b>61%</b>			

Til að sjá upphæðir á kröfum þarf Þjóðskrá að klára forritun í sínum kerfum en það verkefni hefur tafist eftir hrun vegna annarra forgangsverkefna stofnunarinnar og mannbreytinga.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/170  
komudagur 8.11.2010

Alþingi

v/Austurvöll Rvk

B.t. Allsherjarnefndar

Reykjavík 5. Nóvember 2010

**Mál nr. 108: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti (fyrningafrestur)**

Miðað við núverandi stöðu virðist frumvarpið ekki hafa mikil áhrif. Við gjaldþrot lögaðila hættir lögaðilinn í raun að vera til. Gjaldþrot einstaklinga eru hins vegar fá, en fjöldi þeirra hefur verið sem hér segir:

Ár	Gjaldþrot	Árangurslaus fjárnám**
2003	388	4884
2004	279	5429
2005	190	4882
2006	107	4301
2007	148	4559
2008	198	4930
2009	113	5415
2010*	113	4915
Samtals	1536	39315

\*Fyrstu 10 mánuði ársins \*\* Fjöldi einstaklinga

Ekki virðast fyrirliggjandi upplýsingar um hversu aigengt er að kröfum sé viðhaldið eftir gjaldþrot. Miðað við reynslu Creditinfo endurnýja kröfuhafar almennt ekki kröfur eftir gjaldþrot, nema þeir hafi ástæðu til að ætla að greiðslugeta sé þá til staðar. Sjaldnast er það tilfellið.

Næsta spurning er þá hvort breytingin, ef af verður, muni leiða til fjölgunar á gjaldþrotum einstaklinga og hverjar afleiðingarnar af því gætu orðið.

Á hverju ári lenda að jafnaði u.p.b. 5.000 einstaklingar í þeirri stöðu að gert er hjá þeim árangurslaust fjárnám, en slík aðgerð veitir öllum lánveitendum rétt til þess að krefjast gjaldþrotaskipta hjá hlutaðeigandi skuldara Líkt og ráða má af ofangreindum tölum þá er það einungis í undantekninga tilvikum sem lánveitendur krefjast gjaldþrotaskipta í kjölfar árangurslaus fjárnáms Ástæða þess er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er umrædd aðgerð kostnaðarsöm. Í öðrum lagi er hún ólíkleg til að skila lánveitendum auknum greiðslum. Í þriðja lagi veitir árangurslaust fjárnám lánveitendum rétt til að

afskrifa kröfur sínar án athugasemda að hálfu skattayfirvalda. Krafa um gjaldþrot virðist helst koma til álita þegar um er að ræða háar kröfur eða þegar grunur er um undanskot eigna. Í þessu felst að lánveitendur telja alla jafna önnur úrræði en gjaldþrot fullnægjandi sem lokaaðgerð í innheimtu sem telja verður jákvætt.

Verði frumvarpið að lögum þá má leiða líkum að því að dragi úr fjölda gjaldþrotaskipta er fara fram að beiðin lánveitenda þar sem slíkt væri til þess fallið að stytta líftíma krafna til viðbótar því sem áður var rakið.

Í framhaldi af ofansögðu má velta upp þeirri spurningu, verði frumvarpið að lögum, hvort það muni leiða til óheppilegs hvata til að skuldarar sjálfir óski eftir því að bú þeirra verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þannig gæti einhverjir sér séð hag í því að geta fengið skuldir sínar felldar niður á tveimur árum og að þeim tíma liðnum byrjað með hreint borð ef svo má að orði komast.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skuldara er heimilt að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi sínu ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánveitendur þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma, sbr. 64. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Í núverandi árferði má ljóst vera að mikill fjöldi einstaklinga fullnægja fyrrgreindu skilyrði gjaldþrotaskiptalaga og gætu þannig óskað eftir því að bú þeirra væri tekið til skipta sjái þeir sér hag í slíku. Ef skuldari telur hag í því að óska gjaldþrotaskipta á sama tíma og lánveitendur gera það ekki er komin upp nokkuð sérstök staða. Við þær aðstæður er líklegt að úrræðið, sem fram til þess hefur verið ætlað að tryggja hagsmunum lánveitenda og talist íþyngjandi fyrir skuldara, geti snúist upp í andhverfu sína en fram til þessa hefur það verið undir kröfuhafa komið að stjórn fyrningartíma krafna en ekki skuldarans. Ósagt skal látið hvort slíkt sé heppilegt en ekki er loka fyrir það skotið að slíkt gæti takmarka aðgengi að lánsfé, aukið vaxtakostnað og vægi trygginga í lánasamningum.

Í frumvarpinu er að finna undantekingu á tveggja ára fyrningartíma krafna. Sú regla er matskennd og vandmeðfarin, en ætla má að fjöldi lánveitenda muni láta reyna á hana með tilheyrandi kostnaði og aukinni umsýslu hjá dómstólum og lögmönnum.

Það er skoðun Creditinfo að styttri fyrningartími krafna við umræddur aðstæður sé ákjósanlegur svo fremi að skuldarar telji sér ekki hagkvæmt að leita úrræðis sem fram til þessu hefur verið talið íþyngjandi og í raun hvati til greiðslu.

Í framhaldi af ofansögðu má velta upp þeirri spurningu hvort breytingin, ef af verður, muni leiða til óheppilegs hvata til að skuldarar sjálfir óski eftir að bú þeirra verði tekið til gjaldþrotaskipta. Líkt og vikið var að hér að framan þá geta einstaklingar óskað sjálfir eftir gjaldþrotaskiptum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í núverandi árferði er ljóst að mikill fjöldi einstaklinga gæti óskað eftir gjaldþrotaskiptum og gætu séð sér hag í því. Einnig hvort hugsanlegt sé að slíkt sé frekar gert þegar um ákveðna tegund skuldara sé að ræða, ef svo má að orði komast. Má leiða að því líkum að kröfur séu frekar endurnýjaðar þegar um þá er að ræða sem hafa skuldað mikið, m.a. vegna mikillar umsetningar. Ef til vill mun þá umrætt úrræði fyrst og fremst nýtast slíkum aðilum. Í því sambandi má minna á að þeir sem verst standa munu væntanlega ekki geta greitt áður nefndann skiptakostnað.

Vandinn sem virðist eiga að stemma stigu við er því ekki ljós, eða hvort aðrað leiðir séu e.t.v. hentugri. Þá er ekki ljóst hvort þessi lagabreyting sé til þess fallin að stýðja önnur úrræði sem fram


hafa komið síðustu misserin til að koma til móts við skuldug heimili, eða hvort hún geti jafnvel unnið gegn þeim. Eru ef til vill einhverjir sem hafa nýtt sér tiltæk úrræði, en muni nú sjá hag sínum betur borgið með því að óska eftir gjaldþrotaskiptum?

Rétt er að fjármálastofnanir svari því hvort þær telji líklegt að umrædd breyting, ef af verður, geti leitt til takmarkaðri aðgangs að lánsfjármagni. Einkum fyrir þá sem minna hafa á milli handanna og engar tryggingar geta lagt fram. Á það er ekki lagt mat hér.

Sú spurning er hér sett fram hvort ef til vill sé heppilegra að gera breytingar á lögum um fyrningu kröfuréttinga nr. 150/2007, þannig að takmarkanir séu settar við ítrekuðum slitum fyrningar? Eða með því að setja sérreglur varnandi fyrningu krafna sem leiða til árangurslausrar aðfarargerðar eða gjaldþrots. Slíkar kröfur fynnist á fjórum árum frá framkvæmd aðfarargerðar eða lokum gjaldþrotaskipta og slíkar aðgerðir marki upphafið að endalokum krafna, þ.e. réttur til slita á fyrningu verði takmarkaður eða ómögulegur. Ekki verður séð að slíkt gangi nærri hagsmunum lánveitanda sem afskrifa kröfur sínar við fyrrgreindar aðstæður og alla jafna svarar það ekki kostnaði að viðhalda slíkum kröfum. Leið sem gengi bil beggja gæti kveðið á um það að tiltekinn hluti höfuðstóls kröfu mundi standa eftir þegar tilteknu tímamarki yrði náð að undangengnu gjaldþroti eða árangurslausu fjárnámi. Slíkt úrræði gæti nýst mun fleirum og það án þess að til gjaldþrotaskipta þurfi að koma er aftur mundi draga úr kostnaði sem tengist gjaldþrotaskiptameðferð.

**Að lokum skal það áréttað að Creditinfo fagnar allri viðleitni til að bæta hag þeirra sem verst standa. Hefur margt gott verið gert í því sambandi síðustu misserin. Það er hins vegar skoðun félagsins að of margt sé óljóst til að hægt sé að meta hvort umrædd breyting yrði til góðs, hvort hún leysi raunverulegan vanda eða jafnvel skapi meiri vanda. Þá sé óljóst hvort hún muni ef til vill helst nýtast stærri skuldurum. Mögulega og vonandi eru allar þessar áhyggjur ástæðulausar en óvissan um það er hins vegar svo mikil að lagt er til að frekari vinna, þ.m.t. skoðun þeirra álitamála sem hér eru sett fram, áður en frumvarpið er samþykkt.**

*Fyrir hönd Creditinfo,*

  
Reynir Grétarsson, stjórnarmaður og eigandi

  
Rakef Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri



Fra dómsmála- og mannréttisráði

22/11 2010

Alþingi

Erindi nr. P 139/348

GJALÐROT OG FYRNING komudagur 22.11.2010

- Minnisblað -

## Danmörk

Engar sérstakar reglur í dönsku gjaldprotalögum og fyrningarlögum sem segja að fyrningarfrestur rofni ekki eða krafa fymist án þess að hægt sé að rjúfa frestinn. Skuldari ber ábyrgð á kröfunni þó hún fái ekki greidd við gjaldprot, sbr. 156. gr. gjaldprotalaganna. Venjulegar fyrningarreglur hljóta þá að gilda.

Gjaldprotalögin: Konkursloven nr. 1259 af 23/10/2007

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=2832>

**§ 156.** En fordringshaver beholder sin ret mod skyldneren for den del af fordringen, som ikke er dækket gennem udlodning.

Fyrningalögin: Forældelsesloven nr. 522 af 06/06/2007

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=2655>

### **§ 17.** Forældelsen afbrydes

1) ved indgivelse af en på fordringen støttet konkursbegæring,

2) ved anmeldelse af fordringen i et konkursbo,

3) ved anmeldelse af fordringen i forbindelse med åbning af tvangsakkordforhandling eller indledning af gældssanerings sag,

4) ved anmeldelse af fordringen i et dødsbo efter dettes udstedelse af proklama og

5) ved anmeldelse af fordringen, efter at skyldneren har udstedt proklama.

*Stk. 2.* Afbrydelse efter stk. 1, nr. 1 og 2, har også virkning i forhold til skyldneren personligt, og afbrydelse efter stk. 1, nr. 4, har også virkning i forhold til skyldnerens arvinger.

*Stk. 3.* Er der i de tilfælde, der er nævnt i stk. 1, nr. 2-5, inden forældelsesfristens udløb udstedt proklama eller åbnet forhandling om tvangsakkord, indtræder forældelse ikke før udløbet af anmeldelsesfristen, henholdsvis afholdelse af det i konkurslovens § 169 omhandlede møde.

## Noregur

Engar sérstakar reglur í norku gjaldprotalögunum eða í fyrningarlögunum sem segja að fyrningarfrestur rofni ekki eða krafa fyrnist án þess að hægt sé að rjúfa frestinn. Venjulegar fyrningarreglur hljóta þá að gilda og fer þá eftir hvernig kröfu er um að ræða.

Gjaldprotalögin: Lov om gjeldsforhandling og konkurs LOV-1984-06-08-58  
<http://www.lovdato.no/all/nl-19840608-058.html>

Fyrningalögin: Lov om foreldelse av fordringer LOV 1979-05-18 nr 18  
<http://www.lovdato.no/all/hl-19790518-018.html#18>

### **§ 18. (Konkurs, gjeldsforhandling og skifte).**

**1. Når fordringshaveren begjærer konkurs eller offentlig skifte, blir dermed foreldelse av hans fordring avbrutt.**

2. Er skyldnerens bo under konkurs, gjeldsforhandling etter konkursloven, offentlig skifte, eller er det åpnet gjeldsforhandling etter gjeldsordningsloven, avbrytes ellers foreldelse når fordringshaveren anmelder fordringen i boet eller til namsmannen. Foreldelse av alle fordringer som blir anmeldt innen utløpet av meldefristen i boet anses avbrutt den dag da det ble åpnet konkurs, gjeldsforhandling etter konkursloven eller gjeldsordningsloven eller offentlig skifte.

3. Avbrudd har virkning også i forhold til skyldneren og hans arvinger.

### **§ 22. (Tilleggsfrist etter avvisning m.m.)**

1. Dersom påtale etter §§ 15, 16 eller 17 ikke fører til forlik eller realitetsavgjørelse som nevnt i §§ 15 eller 16 eller til at tvangsfullbyrdelse fremmes, og dette ikke skyldes forsettlig forhold fra fordringshaverens side, varer virkningen av den rettidige påtale i 1 år etter at saken er avsluttet. Har ikke fordringshaveren fått melding om dette innen rimelig tid, regnes fristen fra den dag da fordringshaveren fikk kjennskap til at saken var avsluttet eller burde søkt opplysning om det. Virkningen opphører likevel senest 3 år etter sakens slutning. Det samme gjelder også for så vidt fordringshaveren ikke får fullt medhold i avgjørelse etter § 16. Når fornærmede trekker sin begjæring om å få pådømt krav i straffesak, varer virkningen av rettidig påtale etter § 15 i ett år fra fornærmede meddelte domstolen eller påtalemyndigheten om tilbaketrekkingen.

2. Blir en begjæring om konkurs eller offentlig skifte, jfr. § 18, ikke tatt til følge eller en rettidig anmeldt fordring ikke anerkjent i boet, varer virkningen av avbruddet i 1 år etter at det ble truffet avgjørelse, i tilfelle i høyere instans, om ikke å ta begjæringen til følge eller om ikke å anerkjenne eller prøve fordringen. Er formell beslutning om dette ikke truffet og meddelt fordringshaveren, regnes fristen fra den dag da behandlingen ble avsluttet, i tilfelle ved avgjørelse i høyere instans. Blir et forslag til frivillig eller tvungen gjeldsordning etter gjeldsordningsloven ikke vedtatt eller stadfestet, jf. gjeldsordningsloven §§ 4-12 og 5-4, varer virkningen av avbruddet i 1 år etter at det ble truffet avgjørelse, i tilfelle i høyere instans, om å nekte stadfestelse av tvungen gjeldsordning, eller i 1 år etter at fristen for å ta stilling til frivillig gjeldsordning etter gjeldsordningsloven § 4-12 er løpt ut.

3. Ved gjeldsforhandling etter loven gjelder bestemmelsen i nr. 2 annet punktum tilsvarende for rettidig anmeldt fordring.

## Svíþjóð

Helstu reglur um fyrningu krafna eftir gjaldþrotaskipti eru að finna í fyrningalögunum. Þar segir í 3. tl. 5. gr. að fyrning slitnar með lýsingu kröfu í þrotabú. Samkvæmt 7. gr. hefst nýr fyrningarfrestur við lok gjaldþrotaskipta skv. reglunum í 2. gr., þ.e. venjulegar fyrningarreglur gilda og fer þá eftir hvernig kröfu um er að ræða. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. fyrningalaganna er þó ekki hægt að rjúfa frest oftár en einu sinni um kröfur á hendur neytendum, sbr. 2. mgr. 2. gr. fyrningalaganna.

Gjaldþrotalögin: Konkurslagen 1987;672

<http://www.notisum.se/rnp/sls/lag/19870672.htm>

Fyrningalögin: Preskriptionslagen 1981;130

<http://www.notisum.se/rnp/sls/lag/19810130.HTM#P2>

**2 §** En fordran preskriberas tio ár efter tillkomsten, om inte preskriptionen avbryts dessförinnan.

Preskriptionstiden är dock tre år för fordran mot en konsument, om fordringen avser en vara, tjänst eller annan nytthet som en näringsidkare i sin yrkesmässiga verksamhet har tillhandahållit konsumenten för huvudsakligen enskilt bruk. Detsamma gäller fordran mot den som har gått i borgen för betalningen av en sådan fordran. Den treåriga preskriptionstiden gäller dock inte fordringar som grundar sig på löpande skuldebrev.

För fordran på pension räknas preskriptionstiden från den dag fordringen tidigast kan göras gällande.

**5 §** Preskription avbryts genom att

1. gäldenären utfäster betalning, erlägger ränta eller amortering eller erkänner fordringen på annat sätt gentemot borgenären,
2. gäldenären får ett skriftligt krav eller en skriftlig erinran om fordringen från borgenären eller
3. borgenären väcker talan mot gäldenären eller annars åberopar fordringen gentemot gäldenären vid domstol, hos Kronofogdemyndigheten eller i skiljeförfarande, konkursförfarande eller förhandling om offentligt ackord. Lag (2006:698).

**7 §** Om preskription har avbrutits genom att talan har väckts eller genom att fordringen annars har åberopats enligt 5 § 3, löper en ny preskriptionstid enligt 2 § från den dag dom eller slutligt beslut meddelas eller det rättsliga förfarandet avslutas på annat sätt. Fullföljs talan eller återupptas förfarandet av någon annan anledning före den nya preskriptionstidens utgång, avbryts preskriptionen, varefter ny tid räknas från den dag det återupptagna förfarandet avslutas.

Avslutas det rättsliga förfarandet utan att gäldenären har delgivits eller på annat sätt underrättats om borgenärens framställning, beräknas dock preskriptionstiden som om något avbrott inte hade skett. Fordringen preskriberas likväl tidigast ett år efter det att förfarandet avslutas.

Preskriptionstiden kan inte förlängas enligt andra stycket andra meningen mer än en gång.



Alþingi  
Erindi nr. P 139/131  
komudagur 5.11.2010

## DÓMSTÓLARÁÐ

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2010.

Umsögn um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti, 108. mál.

Dómstólaráð vill koma þeirri einu athugasemd á framfæri við ofangreint frumvarp að skilyrði 1. gr. frumvarpsins eru mjög matskennd. Er erfitt að sjá hvernig þeim verður beitt í framkvæmd.

fh dómstólaráðs

Símon Sigvaldason  
formaður



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/174  
komudagur 8. 11. 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Málsnr: 201011-0037  
Dags: 8. nóvember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), 108. mál, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.**

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir vegna ofangreinds frumvarps varðandi það að fyrningarfrestur krafna verði tvö ár frá lokum gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt verklagsreglum Tollstjóra um innheimtu skatta gildir það meginsjónarmið að innheimtumaður ríkissjóðs krefst almennt ekki gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga. Við það er látið sitja að gera árangurslaust fjárnám fyrir kröfum innheimtumanna, þá er fyrning kröfu almennt ekki rofin nema einu sinni með árangurslausu fjárnámi.

Eftir að árangurslaust fjárnám hefur verið gert hjá einstaklingum er almennt ekki aðhafst frekar að frumkvæði innheimtumanna til að rjúfa fyrningu krafna.

Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa afgerandi áhrif á innheimtu skattkrafna.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen  
Tollstjóri

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember, 2010

**Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál.**

**I. Almenn**

Vísað er til erindis háttvirtar alisherjarnefndar dagsett 22. október 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál.

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta fyrir einstaklinga sem verða gjaldþrota. Frumvarpið er í raun mikið réttlætismál enda gerir það einstaklingum kleift að ljúka fjárhagslegu uppgjöri sínu við kröfuhafa sína innan skynsamlegra tímamarka. Félag atvinnurekenda leggur því til að frumvarpið verði samþykkt. Félagið vill hins vegar gera nokkrar athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins.

**II. Ábendingar**

**Sérstakir hagsmunir**

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að dómstóll skuli veita viðurkenningu á fyrningarlitum ef lánadrottinn sýnir fram á að hann hafi *sérstaka hagsmuni* af því að slíta fyrningu. Félag atvinnurekenda telur þetta orðaleg mjög óheppilegt enda óþarflega opið fyrir túlkun. Réttara væri að mati félagsins að tiltaka sérstaklega við hvaða aðstæður er átt og gera það með tæmandi hætti.

Gerir félagið því það að tillögu sinni að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins verið óbreytt en 2. mgr. 1. gr. falli út. Í stað hennar komi ákvæði sem tekur með hlutlægum og gagnsæjum hætti á því hvenær viðbótarfrestir eru veittir sem því hvaða kröfur eru undanþegnar ákvæðinu. Eftir breytinguna yrði því ákvæðið svohljóðandi:

*Protamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fynist hún ekki á skemmri tíma.*

*Fyrning krafna sem um ræðir í 2. mgr. er háð viðbótarfrestum skv. III. kafla laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 eftir því sem við á. Ákvæði 2. mgr. hafa ekki áhrif á fyrningu krafna sem um getur í 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Hafi lánadrottinn fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fynist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.*

Í III. kafla laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 eru útlustuð ákveðin skilyrði eða aðstæður þar sem fyrning lengist með víðbótarfrestun. Þau atvik eiga almennt við þegar aðilar voru grandlausir um kröfu sína, þegar ákveðinn ómöguleiki olli því að kröfu var ekki lýst og að auki þegar um kröfur ólögráða aðila á hendur fjárhaldsmanni er að ræða. Þá kemur fram í kaflanum að lok fyrningarfrests komi ekki í veg fyrir að hafa megi uppi kröfu um skaðabætur í sakamáli þar sem skuldari er fundinn sekur um verknað sem liggur til grundvallar kröfunni.

Í 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 er svo kveðið á um að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða þar að afla sér slíkra upplýsinga. Einnig er þar kveðið á um að krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns, þ.m.t. fyrir ófjárhagslegt tjón, fyrnist þó á tíu árum. Ákveðin réttlætisrök lúta að því að slíkar skaðabætur og þá einna heist fyrir líkamstjón og miska fyrnist ekki með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

#### **Um eignarétt**

Nokkuð hefur verið fjallað um eignaréttindi og friðhelgi eignarréttar undanfarið. Hafa þau sjónarmið t.d. heyrst að efni þess frumvarps sem hér um ræðir kunni að brjóta gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrár. Félag atvinnurekenda telur hins vegar augljóst að svo sé ekki. Almennt hefur verið talið að eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrár sé því ekki til fyrirstöðu að löggjafinn geti sett almennar reglur sem takmarka eignarétt enda styðjist þær við almenn og málefnaleg rök. Þetta hefur Hæstiréttur Íslands staðfest í fjölmörgum málum t.d. 182/2007, 210/1190 og 41/1951. Ekki verður annað séð en að frumvarpið sé almennt og grundvallað á málefnalegum rökum.

#### **III. Annað**

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.  
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Alþingi  
B.t nefndasviðs  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi  
Erindi nr. P 139/166  
komudagur 8.11.2010

5. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010100070

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (fyrningarfrestur), 108. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts nefndasviðs dags. 22. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið. Fjármálaeftirlitið telur að verði frumvarpið að lögum gæti það verið til þess fallið að fjármálafyrirtæki sýni aukna vandvirkni við útlánastarfsemi þegar til lengri tíma er litið. Einnig mun frumvarpið hugsanlega flýta endurskipulagningu útlánasafns bankanna. Hins vegar er um að ræða afa óskýr og íþyngjandi skilyrði fyrir kröfueigendur sem óska þess að viðhalda kröfum sínum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að horft sé til þess af hvaða rót kröfurnar eru runnar við skýringu hugtaksins sérstakir hagsmunir og „höfð í huga tilvik eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans”. Engin frekari tilraun er gerð til að skýra hugtakið heldur verður dómstólum eftirlátið það. Fjármálaeftirlitið bendir á að óeðlilegt sé að leggja slíkt alfarið í hendur dómstóla og æskilegra væri að skýra hugtakið nánar í frumvarpinu sjálfu. Framangreint leiðir til þess að heimild kröfueiganda til að viðhalda kröfu sinni telst vart raunhæfur kostur og frekar í orði en á borði.

Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á að í frumvarpinu er enginn greinarmunur gerður á hvers konar kröfu um er að ræða varðandi fyrningarfrestinn og telur að annaðhvort eigi að gera greinarmun á kröfum eftir því hvernig til þeirra hafi stofnast, eða það sem Fjármálaeftirlitið telur eðlilegri kost, að fyrningarfresturinn verði að lágmarki fjögur ár. Er það að mati Fjármálaeftirlitsins í meira samræmi við núgildandi lög þar sem lágmarksfyrningarfrestur er fjögur ár en tvö ár verður að teljast afar skammur tími og í raun það skammur að möguleikar kröfuhafa til að viðhalda kröfum sínum verða nær engir.


Fjármálaeftirlitið bendir einnig á að ekki virðist hafa verið kannað við gerð frumvarpsins hvaða áhrif það mun hafa á fjármálamarkaðinn. Æskilegra væri ef áhrifin yrðu metin áður en frumvarpið verður að lögum.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Unnur Gunnarsdóttir

  
Gjörun Finnborg Þórðardóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 139/168  
komudagur 8.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Reykjavík, 5. nóvember 2010

## UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

139. löggjafarþing 2010-2011.

Þskj. 116 – 108. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti ofl. Nr.21/1991 með síðari breytingum.

### Almennt:

Hagsmunasamtök heimilanna fagna megin tilgangi frumvarpsins, en telja að gera verði á því breytingar til að tryggja að tilgangur þess gangi eftir fyrir skuldara og nýttist sem skildi. Frumvarpið skapar lántökum betri stöðu til samninga um skuldir í vanskilum og ætti þannig að auka á virkni sértækrar skuldaaðlögunar og leiða til ábyrgari útlánastarfsemi til framtíðar. Verði frumvarpið bætt, mun það þó klárlega stytta þann tíma sem neytendur eru í þrotaástandi. Þannig munu neytendur komast fyrir til fjárræðis að nýju eftir gjaldþrot og geta tekið þátt í eðlilegri samneyslu, einkaneyslu og fjárfestingum. Það ætti einnig að draga úr veltu svarta hagkerfisins og landflóttu.

### Nánari umfjöllun.

Samtökin leggja til að hugtakið lánardrottinn verði alfarið tekið út úr lögum vegna gildishlaðins aðstöðumunar sem í orðinu felst. Í þess stað verði notast við hugtökin lánveitandi / kröfuhafi annars vegar og lántaki / skuldari / þrotamaður hins vegar um málsaðila.

Við upphaf umsagnar þessarar vilja Hagsmunasamtök heimilanna benda á að gjaldþrotaskipti er úrræði sem efnaminnstu einstaklingar munu ekki geta farið fram á sjálfir vegan hárrar greiðslu fyrir skiptakostnaði, sem er um 250.000 kr í dag. Þeir mundu því hanga í lausu lofti í langan tíma ef ekki verður tekið á því í lögum þessum, t.d. með því að ef kröfuhafi hefur farið fram á árangurslaust fjárnám þá sé skuldara heimilt að fara fram á gjaldþrotaskipti á sjálfum sér án kostnaðar. Mætti hugsa sér að gjaldið fyrir að krefjast fjárnáms sem endar í árangurslausu fjárnámi verði hækkað til að mæta þeim tekjumissi ríkissins. Það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt að fólk sé útilokað frá venjulegu fjármálalífi of lengi þó það verði fyrir því að geta ekki borgað skuldir sínar. Í dag hætta langflestir kröfuhafar innheimtu krafna við árangurslaust fjárnám, enda hefur hún samsvarandi áhrif á fjármálalíf einstaklings og gjaldþrot en þó án þess að kröfuhafi þurfi að leggja út 250.000 kr fyrir skiptakostnaðinum. Tölulegar upplýsingar Credit Info frá árinu 2008 sýna að 5.200 einstaklingar urðu greiðsluþrota með skráningunni árangurslaust fjárnám, en 198 einstaklingar voru teknir til gjaldþrotaskipta það ár. Þess skal getið að árangurslaust fjárnám verður þegar eignir ná ekki upp í skuldir vegna fjárnáms og er skuldari merktur á vanskilaskrá við þessa aðgerð og verður fyrir nánast öllum öðrum fjármálhindrunum sem fylgja gjaldþroti. Ástandið er óþolandi fyrir skuldara, en kröfuhafi heldur ógreiðanlegum kröfum áfram inni í eignasafni sínu og gefur þannig ranga stöðu af fjárhagslegum styrk og eignasafni sínu. Það gerir eftirlitsaðilum og endurskoðendum erfitt fyrir að leggja raunverulegt mat á bókfærðar eignir kröfuhafa, sem leiðir svo til yfirmats á stöðu kröfuhafa og skapar jafnvel verulegar skekkjur í stöðumati hagkerfis. Sami fyrningararfrestur ætti því að vera á kröfu sem ekki fæst fullnusta fyrir við árangurslaust fjárnám, eða tvö ár frá árangurlausa fjárnáminu.

Einnig vilja Hagsmunasamtök heimilanna að bannað verði að gera fjárnám í lögheimili skuldara fyrir lausaskuldum honum tengdum. Það er óeðlilegt að kröfuhafi fái betri rétt en hann upphaflega samndi um við skuldara með því einu að gera fjárnám í heimili hans. Gera þarf lögheimili fjölskyldna eins öruggan stað og hægt er. Eftir sem áður geta slíkir kröfuhafar gert fjárnám í öðru lausafé skuldara til að fá upp í kröfur sínar. Slíkt fjárnám þarf að sama skapi að fara í gegnum eftirlit sýslumanna og ætti að greiðast af kröfuhafa.

Í frumvarpinu þarf að taka tilliti til einstaklinga sem þegar hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota og sitja undir kröfum í fyrningu. Það mætti td. gera þannig að viðkomandi skuldari verði sjálfkrafa settur inn í tveggja ára fyrningu frá og með gildistöku laga þessara, þannig að þeir sem eru búnir að vera gjaldþrota eða með árangurslaust fjárnám yfir sér í t.d. 6 ár verði hreinsaðir út af skrám ríkissins og bankanna frá og með gildistöku laganna og þeir aðilar sem eru búnir að vera eitt ár gjaldþrota eða með árangurslaust fjárnám, eigi þá eftir eitt ár af sínum fyrningarfresti. Þá má ekki gleyma því að bæta þarf inn áhvæði um að sá sem orðinn er gjaldþrota eða með árangurslaust fjárnám geti beðið um að fara í greiðsluáðlögun upp úr gjaldþrotinu eða árangurlausa fjárnáminu hjá umboðsmanni skuldara ef hann vill það frekar, kröfuhafi mun að öllum líkindum ekkert hafa á móti því mundum við halda þar sem hann fengi þá allavega eitthvað upp í sýna kröfu í staðinn fyrir ekkert í hinum tilfellunum.

Það er mjög einkennileg skilaboð sem felast í núverandi kerfi og tillögu að endurvakningu krafna, þar sem formerkin eru öflug við alla venju. Hvetja ætti skuldara til að greiða uppkröfu með því að fella kerfisbundið niður hluta kröfu eða stytta fyrningu, en ekki lengja stöðugt líftíma krafna við jákvæða viðleitni skuldara til að gera upp skuldir sínar. Almenn telt refsiföngum til framdráttar og styttingar afplánunar ef þeir sína iðrun og góða háttsemi, sem mætt er með styttingu afplánunartíma. Hvað varðar gjaldþrot og árangurslaust fjárnám er þessu þveröfugt farið. Þar með fólk gert að eilífðarföngum bresta í viðskiptasögu sinni, þrátt fyrir viðleitni til bóta. Þetta verður að taka fyrir með afgerandi hætti, óuppvekjalegri fullnaðarfyrningu í lok fyrningarfrests.

#### **Slit á fyrningu:**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kröfuhafi geti slitið fyrningu með því að höfða mál á hendur þrotamanni. Við gjaldþrot missir einstaklingurinn allar eigur sínar og allt sem hann kann að eignast á fyrningartímanum geta kröfuhafar fengið upp í kröfur sínar. Það eru engin rök fyrir því að viðhalda gjaldþroti með þessum hætti. Er því lagt til að frumvarpið sé laust við alla slíka fyrirvara vegna þeirrar óvissu sem þeir skapa um framtíð þrotamanns og á hvern hátt hægt væri að nota fyrirvarana á annan hátt en gert er ráð fyrir í drögunum að lögunum. Ef refsiverð háttsemi er viðhöfð af skuldara við búskiptin eru hvort sem er lög sem ná yfir það. Það sama á við þarna og áður að það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt að fólk sé svipt fjárræði og útilokað frá venjulegu fjármálalífi of lengi. Sérstaklega núna þegar gera má ráð fyrir að verulegur fjöldi heimila, allt að 6-8%, muni á næstu misserum þurfa að fara í gjaldþrot vegna ógreiðanlegra krafna og Seðlabanki Íslands áætlar að hagvöxtur komandi missera byggist á einkaneyslu og fjárfestingum innanlands. Slíkt ástand hvetur til fjárumsvifa í svarta hagkerfinu og siðrofs í samfélaginu, sem allir tapa á.

#### **Skilgreindur tími frá gjaldþroti og skiptaloka mikilvægur:**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að nýr tveggja ára fyrningarfrestur hefjist við skiptalok. Reynslan sýnir að skiptalok geta dregist á langinn, jafnvel oft svo árum skiptir, oft að óþörfu og langalgengast er að það sé af völdum aðgerðaleysis kröfuhafa, sem er betur settur með skuldarann í þessu tómarúmi heldur en að hann geti farið að stunda eðlilegt líf aftur. Þess vegna leggja HH til að 2ja ára fyrningarfrestur hefjist við lok kröfulýsingafrests í gjaldþrotamálum annars vegar og hins vegar við árangurlaust fjárnám á aðila og sé ekki

rjúfanlegur eftir það.

Einnig þarf að huga að því hvernig farið er með upplýsingar um fyrndar kröfur eftir að fyrningarfresti líkur. Tryggja þarf að fyrndar kröfur séu afmáðar úr skráum og kerfum banka og lánastofnana strax við lok fyrningarfrests ásamt skráningu eða merkingu um árangurslaust fjárnám og gjaldþrot einstaklingsins. Til að fylgja þessu eftir mætti jafnvel beita refsíákvæðum í formi sekta og eða skaðabóta á hendur kröfuhafa, sem afmá ekki fyrndar kröfur, því þau áhrif sem það getur haft á fjárhagslíf einstaklinga sem lenda í slíku eru oft ekki metin til fjár.

#### **Dæmi um virkni laganna:**

*47 ára kona var útskurðuð gjaldþrota árið 1997. Aðgerðin „gjaldþrot“ fór á hennar nafn á opinberar skrár það ár. Samkvæmt lögum stendur sú aðgerð í 10 ár frá þessum degi. Árið 2001 urðu skiptalok í gjaldþrota búi hennar. Samkvæmt gjaldþrotalögum, og fyrningarlögum númer 150/2007 og því frumvarpi sem verið er að veita umsögn þessa við, byrjar nýr fyrningarfrestur að líða frá þeim degi og aðgerðin „gjaldþrota“ hangir á hennar nafni í opinberum gögnum til 2011. Samtals verður þessi kona því „gjaldþrota“ í 14 ár samkvæmt núverandi lögum. Hún verður því orðin 60 ára þegar hún losnar við gjaldþrotastimpilinn og búin að vera á svörtum listum bankanna allan þann tíma. Það fólk sem í þessu lendir er oftast en ekki partur af svokallaðri svartri atvinnustarfssemi og eða flytur úr landi og því enn og aftur ekki mikið gagn af því fyrir þjóðfélagið í heild þó þetta henti kröfuhöfum auðvitað þar sem hann hefur rétt á því að eignast allt það sem skuldarinn eignast á þessu tímabili og viðheldur ófyrndum kröfum í eignasafni sínu.*

#### **Annað dæmi:**

*Maður, sem skrifaði upp á lán hjá fyrrverandi tengdaföður sínum fyrir um 25 árum síðan í Landsbankanum, fór í Nýja Landsbankann nýlega til að fá fyrirgreiðslu. Þar var honum sagt að hann fengi enga fyrirgreiðslu þar sem hann væri á afskriftarlista, þar sem lánið sem hann skrifaði upp á fyrir um 25 árum síðan hefði verið afskrifað. Var honum boðið að borga sig frá skuldinni með 4ra milljón króna eingreiðslu. Honum var tjáð að bankanum væri þetta heimilt en hann er að kanna sinn rétt, en það kostar hann auðvitað mikinn pening að fá lögfræðing til að vinna fyrir sig að einhverju sem ætti að vera bannað með lögum. Hann var ekki skuldari, heldur skrifaði uppá sem ábyrgðarmaður, sem þótti ekkert tiltökumál á þessum tíma.*

#### **Samhengi þrotaferla við mannréttindi og önnur lönd:**

1. grein samningsviðauka nr. 1 við Mannréttinasáttmála Evrópu: „Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.“

Mannréttinasáttmáli Evrópu og samningsviðauki nr. 1 hafa lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994.

Í fyrstu grein samningsviðaukans segir efnislega að allir eigi rétt á því að njóta eigna sinna í friði. Að engan skuli svipta eign sinni nema að almannahagur krefjist þess OG meginreglur þjóðaréttar. Núverandi gjaldþrotalöggjöf heimilar kröfuhöfum/lánardrottnum að koma hreinlega í veg fyrir að einstaklingur geti nokkurn tímann eignast eignir (fasteignir, bifreiðar

og fleiri skráðar eignir) og hvað þá notið þeirra. Verður því að telja að núverandi gjaldþrotalöggjöf og meðferð gjaldþrota einstaklinga sé í andstöðu við skýr fyrirmæli fyrstu greinar samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu varðandi réttaráhrif gjaldþrots og fyrningu krafna.

Gjaldþrot á Íslandi er ekki það sama og gjaldþrot í öðrum ríkjum. Á ensku er hugtakið „Bankruptcy“ notað yfir það sem á Íslandi er kallað gjaldþrot. Í reynd er þó ekki um sama úrræðið að ræða þar sem víðast hvar ef ekki hreinlega alls staðar annars staðar en á Íslandi þýðir gjaldþrot (bankruptcy):

- 1) Heiðarlegur skuldari getur byrjað aftur, þ.e.a.s. honum er ekki haldið gjaldþrota.
- 2) Uppgjör við kröfuhafa/lánardrottna felur það í sér að skuldir hans eru falla niður, eru afskrifaðar (flestar skuldir, á ekki við um svik).

Á Íslandi er það svo að dugi eignir hins gjaldþrota einstaklings ekki fyrir skuldum hans eru kröfurnar áfram lifandi og „tikka“ á dráttarvöxtum. Sérreglur gilda svo um fjármálastofnanir. Þeim er heimilt að afskrifa kröfuna í bókum sínum, en halda þrátt fyrir það áfram að innheimta kröfuna með áföllnum kostnaði. Nýlegt dæmi er um einstakling sem var gerður gjaldþrota á árinu 2007. Hann skuldaði þá 22 milljónir. Hann óskaði eftir því árið 2010 að fá að gera nauðasamning til greiðsluáðlögunar vegna þessara skulda. Kröfuhafarnir kröfðu hann nú um 45 milljónir! Þessi einstaklingur hafði sem gefur að skilja ekki stofnað til neinna nýrra skulda frá árinu 2007. Lánardrottnarnir mótmæltu því allir sem einn að þessi einstaklingur fengi að gera nauðasamning. Nú þarf þessi einstaklingur að bíða í önnur 7 ár í þeirri von að lánardrottnar hans gleymi honum og haldi kröfunum ekki lifandi út í hið óendanlega.

Meðferð gjaldþrota einstaklinga á Íslandi líkist að mörgu leyti frekar refsingu fremur en að vera aðferð til þess að gera upp skuldir þeirra við lánardrottna og að leyfa þeim svo að halda áfram með líf sitt.

Nokkur orð um meðferð „gjaldþrota“ einstaklinga. Í dag er það svo að einstaklingi sem orðið hefur gjaldþrota er hreinlega meinaður aðgangur að ýmsu vegna þessa:

1. Gjaldþrota einstaklingur fær ekki útgefið debetkort í banka.
2. Gjaldþrota einstaklingur fær ekki svokallað sí-hringikort (debet) í banka. Ófjárráða unglingar geta hins vegar fengið slík kort.
3. Gjaldþrota einstaklingur fær ekki að opna „debet“ reikning í banka.
4. Gjaldþrota einstaklingur getur fengið að opna sparireikning í banka, en einungis ef bankinn samþykkir það.


#### Niðurstaða:

Hagsmunasamtaka heimilanna telja að það sé best fyrir þjóðarbúið og skuldarann að hafa fyrningarfresti í þrotamálum hóflega stuttan og eins órjúfanlegan og hægt er. Tvö ár má telja hæfilegan fyrningartíma. Jafnframt ætti það að vera kröfuhöfum dýrmætt að fá virkan einstakling í viðskipti aftur, fremur en að halda honum utan allra eðlilegrar viðskiptasögu til lengdar.

Því þarf að laga frumvarpið til að tryggja betur virkni þess samkvæmt gefnum markmiðum.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi

Alþingi  
Erindi nr. P 139/231  
komudagur 12.11.2010




Alþingi  
nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10.11.2010  
201004358  
60.12  
EJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (fyrningafrestur) 108. mál

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt



Einar Jónsson hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/169  
komudagur 8. 11. 2010

LOGOS  
REYKJAVÍK LONDON COPENHAGEN

Efstaleiti 5  
IS 103 Reykjavík  
5 400 300  
5 400 301

logos@logos.is  
www.logos.is

Alþingi,  
bt. Kristjönu Benediktsdóttur á nefndarsviði,  
Austurvelli,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. nóvember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á gjaldþrotalögum nr. 21/1991, sbr. þskj. 116 – 108. mál („frumvarpið“).**

Með tölvupósti, dags. 22. október sl., var LOGOS lögmannsþjónustu slf. sent frumvarpið til umsagnar.

*Almennt*

Verði frumvarpið að lögum mun nýr tveggja ára fyrningarfrestur gilda um kröfur á hendur þrotamönnum í stað hinna almennu fyrningarfresta sem gilda samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. 4, 10 eða 20 ár, sem jafnframt er hægt að viðhalda með því að rjúfa fyrningu. Samkvæmt frumvarpinu verður ekki hægt að rjúfa fyrningu hins nýja tveggja ára frests nema mál sé höfðað innan fyrningarfrests til viðurkenningar á fyrningarslitunum. Svo dómur geti veitt slíka viðurkenningu þarf lánadrottinn að sýna fram á „sérstaka hagsmuni“ af því að slíta fyrningu auk þess að sýna fram á að líkur megi telja á fullnustu krafna hans á nýjum fyrningartíma. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu („greinargerðin“) er dómstólum ætlað að móta framkvæmd þessarar heimildar um rof á fyrningarfresti.

Í greinargerðinni er tekið fram að frumvarpið muni auðvelda einstaklingum, sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.

Hér verður ekki fjallað um hugsanlegan hagrænan eða efnahagslegan ávinning eða tjón af frumvarpinu, verði það samþykkt óbreytt sem lög frá Alþingi, að öðru leiti en viðkemur tilteknum lagalegum álitaeftum, sem nánar er gerð grein fyrir hér að neðan.

Það eru helst þrjú meginálitaefti að lögum sem staldrað er við eftir lestur frumvarpsins og greinargerðarinnar. Í fyrsta lagi getur aukinn réttur skuldara þýtt takmarkaðri rétt kröfuhafa og þá þarf að athuga hvort slík færsla á réttindum gerist með eða án bótaskyldu ríkisins. Í öðru lagi eru ákvæði frumvarpsins að hluta til óljós hvað varðar rof á fyrningarfresti. Í þriðja lagi virðist sem dómstólum sé fallið að móta

framkvæmd og fylla upp í hið óljósa orðalag ákvæðisins um möguleg rof fyrningarfrests.

*Nánar um eignarréttarákvæði Stjórnarskrár*

Í 1. mgr. 72. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 ("stjskr.") er eignarréttur lýstur friðhelgur. Þar er þess einnig getið að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, en til þess þurfi lagafyrirmæli og skuli fullt verð koma fyrir. Í dómaframkvæmd hefur hugtakið „eignarréttur“ í ákvæðinu frá upphafi verið túlkað nokkuð rúmt. Þannig nær hugtakið ekki eingöngu til eigna í þröngum skilningi heldur tekur það einnig til ýmissa verðmætra réttinda annarra, s.s. kröfuréttinda. Jafnframt hefur verið talið heimilt að setja eignarrétti að lögum tilteknar skorður. Ljóst er að frumvarpið, ef það verður samþykkt óbreytt sem lög, hefur í för með sér skerðingu á réttindum kröfuhafa við gjaldþrotaskipti, þar sem möguleikar kröfuhafa eru takmarkaðir við að viðhalda ófullnægðum kröfuréttindum sínum.

Eins og áður segir þá mun samþykkt frumvarp gera ráð fyrir því að almennt fyrnast kröfur á hendur þrotamanni á tveimur árum frá því að skiptum lauk, en sú almenna regla er þó með undantekningum. Þannig mun samþykkt frumvarp takmarka fyrri réttindi kröfuhafa verulega, sem áður gátu viðhaldið kröfum sínum og rofið fyrningarfresti nokkuð óhindrað ef það þjónaði þeirra hagsmunum. Möguleg áhrif frumvarpsins er kannski best líst með dæmi. Aðstæður verið með þeim hætti að A er lýstur gjaldþrota vegna 15 milljón króna kröfu og einungis 5 milljónir fást greiddar upp í kröfuna úr þrotabúinu. Tveimur árum síðar er ekki að sjá eignabreytingu hjá honum og fyrningarfrestur líður skv. nýjum lögum. Nokkrum mánuðum síðar stofnar A fyrirtæki, sem gengur með miklum sóma. Tæplega þremur árum síðar selur A fyrirtækið með 40 milljón króna hagnaði. Samkvæmt eldri lögum hefði kröfuhafi getað viðhaldið kröfu sinni með því að rjúfa fjögurra ára fyrningarfrestinn og fengið fullnustu kröfu sinnar þegar A komst í álnir. Verði frumvarpið óbreytt að lögum og komi upp sambærilegar aðstæður og í dæminu að ofan, þá er spurning hvort þetta sé tjón sem kröfuhafi þarf að bera eða hvort hann geti sótt bætur vegna þessa í greipar ríkissjóðs.

Mörk þess hvenær eignaskerðing kröfuréttinda er með þeim hætti að hún leiði til bótaskyldu fyrir ríkissjóð geta verið óljós. Helst hefur verið talið að líta beri til fjögurra þátta í því samhengi (sjá t.d. bókina Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi, e. Björgu Thorarensen, Reykjavík 2008, bls. 490), þ.e.:

- i) Er stofnað til nýrra eignarheimilda? Ef aðili er þvingaður til að láta af hendi eign sína eru líkur fyrir að það verði ekki gert án bóta. Eins og frumvarpið liggur fyrir þá er ekki stofnað til nýrra eignarheimilda, heldur eru réttindi fyrirbyggjandi eignarheimilda skert.
- ii) Að hverjum beinist eignaskerðingin? Því almennari og víðtækari eignaskerðing getur talist því ólíklegra er að um bótaskylda takmörkun sé að ræða. Frumvarpið miðar við nokkuð almenna skerðingu á eignarréttindum kröfuhafa, þar sem skerðingin tekur til allra krafna á hendur kröfuhafa, en ekki einhvers sértæks hóps kröfuhafa. Hér ber þó að hafa í huga að orðalag í greinargerð virðist gera ráð fyrir því að opinberir aðilar hafi greiðari aðgang en aðrir kröfuhafar að því að fá viðurkenningu dómstóla á nýjum fyrningarfresti. Sííkt getur bent til þess að eignaskerðingunni sé ekki ætlað að vera eins almenn og orðalag frumvarpsins gefur annars til kynna.

- iii) Á hvaða röksemdum hvíli eignaskerðing? Ef eignaskerðing er sértæk og lendir á fámennum hópi, þá getur slík eignaskerðing verið án bótaskyldu ef rök um nauðsyn standa að baki skerðingunni sem varða almannahagsmuni, t.d. ef eign er skaðleg í samfélaginu. Meginrökin fyrir breytingunum er að aðgerðin sé þjóðfélagsleg nauðsyn til að hjálpa þeim fjölmörgu landsmönnum sem nú ráða ekki við of mikla skuldabyrði og auka líkur á að þeir geti sem fyrst farið að byggja upp eignastöðu sína. Ef talið er að eignaskerðingin sé sértæk, þá getur hún s.s. verið án bótaskyldu ef rökin á bak við eignaskerðinguna varða almannahagsmuni. Óvíst er að þeir aðilar sem munu fara í þrot og njóta þessara breytinga á lögnum geti talist forsvarar almennings í þessum skilningi.
- iv) Hversu umfangsmikil eða þungbær er skerðingin? Því léttvægari sem skerðingin er því ólíklegra er að hún varði bótaskyldu. Ekki er ljóst hversu þungbær skerðing frumvarpsins verður kröfuhöfum, en hún gæti eftir atvikum orðið kröfuhöfum býsna kostnaðarsöm, sbr. fyrrgreint dæmi.

#### *Fyrningarslit*

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verður tveggja ára fyrningarfresti aðeins slitið með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Dómari geti þó eingöngu fallist á slíka dómkröfu ef kröfuhafi sýnir fram á að:

- i) hann hafi "sérstaka hagsmuni" af því að slíta fyrningu, og
- ii) að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma.

Í greinargerðinni er eftirfarandi tekið fram: "Þegar rætt er hér um sérstaka hagsmuni lánadrottins er horft til þess af hvaða rót kröfurnar eru runnar og höfð í huga tilvirk eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans".

Við framangreint tilvitnað orðalag greinargerðarinnar er hér gerð sú almenna athugasemd að undanþága til að rjúfa fyrningarfrest er nokkuð almennt orðuð í frumvarpinu sjálfu. Kröfuhafar geta haft mismunandi "sérstaka hagsmuni" af því að slíta fyrningu. Í greinargerðinni kemur hins vegar fram þrengjandi skýring, sem virðist eiga takmarkaða stoð í orðalagi ákvæðisins sjálfs. Skilja má greinargerðina svo að í raun sé verið að leggja til að rof á tveggja ára fyrningunni eigi í raun helst að standa opinberum aðilum til boða. Í greinargerðinni er þó tekið fram að framangreind tilvitnun sé eingöngu sett fram í dæmaskyni og sé ekki tæmandi talin, heldur eigi hún að sýna að gert sé ráð fyrir að eingöngu skuli samþykkja viðurkenningu á nýjum fyrningarfresti í undantekningartilvikum. Önnur dæmi eru þó ekki tekin í greinargerðinni um hvernig skuli túlka orðin "sérstakir hagsmunir".

Í ljósi framangreinds þarf sérstaklega að huga að tvennu:

- i) Lagaákvæðið er óljóst og það getur hugsanlega komið í veg fyrir eða takmarkað framgang þeirra markmiða sem að baki frumvarpinu liggja, þ.e. hugsanlega mun krafa ákvæðisins um "sérstaka hagsmuni" kröfuhafa vera túlkað skv. orðanna hljóðan, þrátt fyrir tilraun greinargerðar til að stuðla að þrengri skýringu ákvæðisins, og því kann rof á fyrningarfresti að verða mun algengara en til var ætlast í upphafi.



- ii) Ef undanþágan á fyrst og fremst að gilda um opinbera aðila, eins og greinargerðin virðist gera ráð fyrir, þá er hægt að halda því fram að verið sé að mismuna kröfuhöfum. Þetta getur m.a. haft áhrif á það hvort skerðing eignaréttinda verði ekki talin almenn og því eftir atvikum aukið líkur á bótaskyldu ríkissjóðs.

*Framsal á afmörkun óljósra reglna til dómstóla*

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að dómstólar móti og túlki hvað sé átt við með "sérstökum hagsmunum" kröfuhafa og eftirfarandi tekið fram: "Gert er ráð fyrir að það komi í hlut dómstóla að afmarka í framkvæmd hvers konar tilvik gætu heyrt hér undir".


Verði frumvarpið samþykkt óbreytt sem lög, þá má heildstætt úr þessu lesa að löggjafinn hafi ekki treyst sér í að skilgreina nánar hvaða skilyrði undanþágur frá lok fyrningarfrests þurfa að uppfylla og að Alþingi hafi framselt dómstólum það verkefni. Almennt má segja að þetta sé vísir að slæmri lagasetningaraðferð. Æskilegt er að Alþingi setji skýr lög og hafi sjálft vissu um hvaða lög það er að samþykkja og að borgarar geti lesið úr þeim skýrar réttarreglur. Þó það sé almennt hlutverk dómstóla að túlka lög frá Alþingi, þá getur beint og meðvitað framsal til dómstóla um túlkun óljóss orðalags í lögum farið gegn ákvæði 2. gr. stjkskr. um þrískiptingu ríkisvalds.

*Lokaorð*

Tilgangur frumvarpsins er allra góðra gjalda verður. Hins vegar standa rök til þess að nokkur atriði verði könnuð sérstaklega. Fyrst og fremst þarf að kanna nánar mögulega bótaskyldu ríkisins. Hér skal látið nægja að nefna þá skoðun okkar að líkur á bótaskyldu ríkisins eru minni heldur en meiri. Þó er rétt að Alþingi láti sérfræðing meta áhættuna sérstaklega, enda gæti þetta varðað umtalsverða fjármuni.

Þá teljum við einsýnt að lagatexti þurfi að kveða mun skýrar á um það hvernig fyrningarfrestur verði rofinn, en veiti ekki dómstólum opna heimild til túlkunar og mótunar á framkvæmd.

Virðingarfyllt,  
f.h. LOGOS lögmannsþjónustu slf.



---

Bjarnfreður Ólafsson, hdl.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2010.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), 139. löggjafarþing, þskj. 116 - 108. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að settur verði sérstakur tveggja ára fyrningarfrestur krafna á hendur þrotamönnum, sem hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Markmiðið er að auðvelda einstaklingum að koma fjármálum sínum á réttan kjöl eftir gjaldþrot.

Frumvarpið vekur spurningar um hvort með reglunum, sem lagðar eru til, sé brotið gegn stjórnarskrárvörðunni eignarréttarvernd kröfuhafa. Laganefnd kýs að taka ekki afstöðu til þess álitaefnis og gengur út frá að dóms- og mannréttindaráðuneytið hafi aflað sér viðeigandi álits um þau efni. Frumvarpið varðar mikilsverða hagsmuni, annars vegar kröfuhafa og hins vegar skuldara. Eðli máls samkvæmt eru þessir hagsmunir gagnstæðir. Með frumvarpinu er réttarstaða skuldara bætt á kostnað kröfuhafa. Laganefnd telur það ekki vera hlutverk sitt að taka pólitíska afstöðu til meginatriða frumvarpsins.

Að mati laganefndar eru atriði, sem ástæða er til að staldra við. Verða þau hér reifuð.

Ef rétt er skilið, þá verður reglan um tveggja ára fyrningarfrest frá skiptalokum meginregla samkvæmt 2. mgr. 1. gr. Í 3. mgr. 1. gr. er undantekning frá meginreglunni, þar sem „lánardrottinn“ getur getur, að uppfylltum skilyrðum, höfðað mál á hendur þrotamanni og fengið þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Í athugasemdum við frumvarpið segir að höfð séu í huga rót kröfu og tilvik eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans. Almennt merkir hugtakið lánardrottinnsá sem veitir einhverjum lán. Hugtakið er þannig mun þrengra en hugtakið kröfuhafi" sem nær til tjónþola sem á skaðabótakröfu, innheimtumanns ríkissjóðs o.s.frv. Laganefnd teldi því til bóta að hugtakið kröfuhafi væri notað í stað lánardrottins.

Undantekningin í 3. mgr. 1. gr. er háð þeim skilyrðum um að „lánardrottinn sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma“. Um nýjan fyrningartíma gilda almennar reglur um fyrningu. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er ráðgert að það komi í hlut dómstóla að afmarka í framkvæmd hvaða tilvik gætu heyrt hér undir. Þetta er að mati laganefndar óheppilegt af mörgum ástæðum. Þetta getur t.d. leitt til þess að einn

lánardrottinn getur slitið fyrningu með málssókn, en annar ekki. Þannig verður til ójafnræði með kröfuhöfum, sem er andstætt meginreglum gjaldþrotaréttar um jafnræði kröfuhafa. Einnig er það afar sérkennilegt að dómstólum sé ekki settur rammi í lögnum um það með hvaða hætti þeir skuli meta hverjar kröfur fyrnast og hverjar ekki. Eins og ákvæðið er úr garði gert verður það hlutverk dómstóla að ákveða í fyrsta lagi hvað teljist „*sérstakir hagsmunir*” og í öðru lagi „*hvort telja megi líkur á að fullnusta á kröfu geti fengist á nýjum fyrningartíma*”. Hvoru tveggja er afar matskennt. Í athugasemdum með frumvarpinu eru nefnd dæmi sem höfð skulu í huga við þetta mat og er vísað til saknæmrar eða ámælisverðrar háttsemi og rót kröfunnar. Verður að telja takmarkaða leiðbeiningu felast í þessum dæmum. Til dæmis er álitamál hvort ætlunin sé að skattkröfur falli þarna undir eða skaðabótakröfur, þar sem tjóni hefur verið valdið af gáleysi. Varðandi síðara atriðið, þá er spurning hvort það myndi uppfylla skilyrðið ef dómari teldi einhverjar líkur á að fullnusta fengist að hluta, eða hvort það sé skilyrði að krafan fengist greidd að öllu leyti. Dómari er í raun settur í það hlutverk að framkvæma e.k. greiðslumat á skuldaranum út heilan fyrningartíma. Það vekur aftur spurningar um forsendur slíks greiðslumats o.s.frv.

Þá er ekki tekið fram í ákvæðinu hvort ákvörðun dómara um undantekninguna skuli vera í formi dóms eða úrskurðar. Eins og ákvæðið er úr garði gert telur laganefnd að ekki yrði hjá því komist að dómari tæki afstöðu til undantekningarinnar með endanlegri dómsúrlausn, þ.e. úrlausninni þar sem dæmt er efnislega um kröfuna. Dómi héraðsdóms er að meginreglu unnt að áfrýja til Hæstaréttar. Að mati laganefndar væri heppilegri málsmeðferð að búa svo um hnútana að dómari tæki afstöðu til þess hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt á fyrri stigum máls og þá í formi úrskurðar. Eðlilegt væri að sá úrskurður væri kærانlegur til Hæstaréttar. Þannig myndi sparast bæði mikill tími hjá dómstólunum og málskostnaður.

Í 2. gr. frumvarpsins segir að löggin öðlast þegar gildi. Að mati laganefndar er brýnt að huga nánar að gildistökuákvæði. Þetta er einfaldast að skýra með þremur dæmum. Í dæmunum er gert ráð fyrir að undantekningin í 3. mgr. 1. gr. komi ekki til álita og að frumvarpið verði að lögum óbreytt. Dæmi 1: Maður varð úrskurðaður gjaldþrota 1. janúar 2008. Gjaldþrotaskiptum á búi hans lauk 1. október 2008 án þess að kröfuhafar fengu neitt upp í kröfur sínar. Fyrnast þessar kröfur allar við gildistöku laganna? Dæmi 2: Maður var úrskurðaður gjaldþrota 10. janúar 2009. Gjaldþrotaskiptum á búi hans lauk 30. júlí 2009, án þess að kröfuhafar fengu neitt upp í kröfur sínar. Fyrnast þessar kröfur kröfur allar 1. ágúst 2011? Dæmi 3: Maður var úrskurðaður gjaldþrota 1. október 2010 og skiptum er lokið er löggin taka gildi. Fyrnast kröfur á hendur manningnum samkvæmt nýju lögnum?

Að mati laganefndar er meginatriði frumvarpsins að kveðið er, að meginreglu, á um tveggja ára fyrningarfrest krafna á hendur einstaklingi, frá og með þeim degi sem gjaldþrotaskiptum á búi einstaklingsins lýkur. Í upphafi þessarar umsagnar er tekið skýrt fram að laganefnd taki ekki efnislega afstöðu með eða á móti þessu atriði.

Í umsögninni er bent á lagatæknileg atriði, sem laganefnd telur mikilvægt að hugað verði sérstaklega að og þarfnast úrbóta. Þar sem frumvarpið snertir bæði almennt einkamálaréttarfar og gjaldþrotaskiptarétt telur laganefnd æskilegt að réttarfarsnefnd yfirfari frumvarpið og eftir atvikum geri úrbótatillögur, þannig að markmið laganna náist sem best.

Virðingarfyllst,  
**f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

Eva B. Helgadóttir, hrl., formaður.



Alþingi  
Erindi nr. P 139/105  
komudagur 1.11.2010

ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), 139. löggjafarþing 2010-2011, þingskjal 116 – 108. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrirhuguð er breyting á 2. mgr. 165. gr. laganna þar sem kveðið er á um að nýjan fyrningarfrest kröfu við gjaldþrotaskipti. Í breytingunum felst samkvæmt greinagerð með frumvarpinu, að við gjaldþrotaskipti verði fyrningartími allra krafna kröfuhafa þrotamanns 2 ár eftir að gjaldþrotaskiptum lýkur á búi þrotamanns. Á þetta jafnt við hvort sem kröfu hefur verið lýst í búð eða ekki. Einnig er lagt til að kröfuhafi geti aðeins slitið fyrningunni með höfðun dómsmáls á hendur þrotamanni til að fá viðurkenningu á því að fyrningu kröfunnar sé slitið. Kröfuhafi þarf þar að sýna fram á sérstaka hagsmuni sína af því að fá fyrningu slitið og að hann geti fengið fullnustu kröfu sinnar með lengri fyrningartíma. Með þessari breytingu styttest fyrningartími á kröfum á hendur gjaldþrota einstaklingi töluvert og miklar skorður eru lagðar við því að hægt sé að viðhalda kröfu um aldur og ævi.

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar framlagningu frumvarpsins þar sem að þessar breytingar hafa væntanlega í för með sér að einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta takist fyrir að koma reiðu á fjármál sín og verða virkir þátttakendur í samfélaginu á ný. Samt sem áður vill Mannréttindaskrifstofan koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Tekið er fram í greinagerð með lögnum að dómstólum verði falið það hlutverk að ákvarða hvaða sérstöku hagsmunir kröfuhafa geti orðið til þess að hann fái viðurkenningu á því að fyrningu kröfunnar sé slitið. Er líklegt að ákvæðið geti valdið vafa þar sem ekki er kveðið nógu skýrt á um það hvaða sérstöku hagsmunir kröfuhafa verði að vera til staðar til þess að viðurkenna megi rétt til slita á fyrningu. Ljóst er að samkvæmt 1. mgr. 27. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal birta öll lög. Er það eitt af ófrávikjanlegum skilyrðum réttarríkis að lög séu birt eða séu með einhverjum hætti aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim. Þannig er það forsenda þess að menn geti fylgt þeim réttarreglum sem gilda um háttsemi þeirra að þeir viti hverjar þessar reglur eru. Í þessari reglu um birtingu felst einnig að ákvæði laga verða að vera það skýr og ljós að mögulegt sé fyrir allan almenning að skilja hvað í þeim felst til þess að þeim sé mögulegt að fara eftir þeim. Því er mikilvægt að kveðið verði skýrar á um það hvaða sérstöku hagsmunir kröfuhafa verði að vera til staðar og ekki er nóg að fjallað sé stuttlega um að kröfur verði að vera af ákveðinni rót í greinargerð með frumvarpi laganna.

Þær breytingar sem lagt er til með hinu framlagða frumvarpi gefa tilefni til að ætla að mat dómstólanna verði of víðtækt til þess að gæta megi í hvívetna að jafnræði ríki á milli allra aðila



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. Stjórnarskrárinnar. Mjög mikilvægt er að jafnræðis sé gætt þegar dómstólar taka ákvarðanir í einstökum tilvikum um réttindi manna og skyldur og er það sérstaklega mikilvægt þegar lög ákveða ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi þegar ákvörðun er tekin. Þrátt fyrir að almennt sé það svo að dómendur byggi aðeins á málefnalegum sjónarmiðum í störfum sínum ber þó að tryggja jafnræði með skýrri og gagnsærri löggjöf.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 139/124  
komudagur 5. 11. 2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

  
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 4. nóvember 2010.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991 með síðari breytingum, 108. mál.**

Neytendasamtökin styðja ofangreint frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi, allsherjarnefnd  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2010 02-2010100728  
T-ums 60/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (fyrningarfrestur) - 108. mál.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 22. október 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. - 108. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti sem miða að því að stytta fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Þannig eigi að auðvelda einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins enda fellur það utan við starfssvið embættisins.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 139/130  
komudagur 5.11.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2010

**Efni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál**

Með frumvarpi þessu er lagt til að fyrningarfrestur á kröfum sem ekki fást greiddar við gjaldþrot verði stytur í tvö ár. Með breytingunni er ætlunin að lög um gjaldþrot einstaklinga hér á landi verði meira í ætt við það sem tíðkast í Bandaríkjunum en í Evrópu. Í Bandaríkjunum er þessi lagahefð talin hafa stuðlað að því að einstaklingar eru mun fúsari til að leggja út í atvinnurekstur en í Evrópu. Með því að lítil fyrirtæki eru mikilvæg aflvél hagkerfisins hefur þetta veitt Bandaríkjunum umtalsvert samkeppnisforskot. Þar er einnig lítið á það sem eðlilegan hlut að einstaklingar verði gjaldþrota með rekstur sinn og geti hafið nýtt líf og byggt upp sparnað og rekstur án þess að skuldir vegna eldri reksturs verði til trafala.

Samtök atvinnulífsins telja það jákvætt skref að færa íslensk lög á þessu sviði í átt til þess sem tíðkast í Bandaríkjunum þótt fjölmörg atriði önnur skipti einnig máli um hvort einstaklingar telji rekstri sínum betur borgið í forni einkahlutafélags, samlagsfélags eða sem einkarekstur.

Virðingarfyllt,

  
Pétur Reimarsson

Alþingi  
Erindi nr. P 139/126  
komudagur 5.11.2010

**SFF**  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 5. nóvember 2010


Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál.**

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að stytur verði í tvö ár fyrningarfrestur á kröfum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Miðar breytingin að því að auðvelda þeim einstaklingum, sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. SFF telja mikilvægt að stuðla að því að einstaklingar geti komið fjármálum sínum á réttan kjöl eftir gjaldþrot. Samtökin benda á að með breytingunni er gerð grundvallarbreyting á lögum um gjaldþrotaskipti og greina þarf ítarlega hver áhrif slíkrar breytingar verða til framtíðar áður en hún er lögfest. SFF telja áhrif breytingarinnar jákvæð fyrir einstaklinga sem teknir eru til gjaldþrotaskipta en huga þarf að því að ekki myndist hvati til gjaldþrota í stað þess að einstaklingar nýti þau greiðsluferfiðleikaúrræði sem í boði eru.

Þegar horft er til áhrifa breytingarinnar til lengri tíma benda SFF á að með þessari grundvallarbreytingu á lögum um gjaldþrotaskipti er líklegt að lánveitendur muni taka upp heildstætt áhættumat á hverjum viðskiptavini líkt og tíðkast í Bandaríkjunum en þar í landi er fyrningarfrestur krafna eftir gjaldþrot skammur. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt fyrir lánveitendur, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila, að hafa aðgang að opinberri skráningu gjaldþrota þannig að hægt verði að meta áhættu af lánveitingu t.d. til aðila sem oft hafa orðið gjaldþrota. Því er lagt til að samhliða þessari breytingu verði komið á fót opinberri skráningu gjaldþrotaúrskurða og í því sambandi verði litið til fyrirkomulags sem tíðkast í þeim löndum þar sem fyrningarfrestur krafna eftir gjaldþrot er skammur t.d. í Bandaríkjunum.

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Jóna Björk Guðnadóttir


Reykjavík, 3. nóvember 2010

**Málefni: frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).**

Samtök verslunar og þjónustu (SVP) styðja breytingar á lögum um gjaldprotaskipti sem ofangreint frumvarp greinir frá. SVP telur að m.t.t. breyttra og jafnframt afar óvenjulegra efnahagsaðstæðna sé óhjákvæmilegt annað en að breyta reglum um fyrningarfrest.

Bent skal á tvennt í þessu samhengi. Annars vegar er tilgangur laga um gjaldprotaskipti að verja hagsmuni kröfuhafa. Hins vegar verða löggin að veita skuldurum sanngjörn tækifæri að hefja nýjan rekstur og raunar nýtt líf í kjölfar gjaldprotts. Hér fara hagsmunir skuldara saman við heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Rétt er að taka fram að í umsögn um ofangreint frumvarp kemur hvergi fram hvaða áhrif umræddar breytingar kunna að hafa á bankakerfið í heild sinni. Án vafa munu jákvæð sem og neikvæð áhrif breyttra gjaldprotalaga koma fram á næstu misserum. Með hliðsjón af einstaklega veikburða bankakerfi og óvissu vegna innlands óstöðugleika - sem vart á sér hliðstæðu í vestrænni hagsögu - þá er óeðlilegt annað en að fyrir liggi vandaðir útreikningar á áhrifum umræddra breytinga á gjaldprotalögum á bankakerfi þjóðarinnar.

  
Ólafur Reynir Guðmundsson  
Lögfræðingur SVP

Alþingi  
Erindi nr. P 139/198  
komudagur 9. 11. 2010



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara allsherjarnefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg  
Borgartúni 21, 2. hæð  
IS-105 Reykjavík  
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 08.11.2010  
Tilv. 2005/0037 - 2.0  
GT

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 108. mál, frv. til laga um breyting á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti (139. löggj.þ.)**

### *Heildarmat og tillaga*

Að teknu tilliti til neðangreinds tel ég frumvarp (frv.) þetta í heildina geta orðið til mikilla hagsbóta fyrir neytendur - og raunar aðra - eins og rakið skal og rökstutt í umsögn hér að neðan. Legg ég vinsamlegast til að frv. verði samþykkt af Alþingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem að neðan greinir.

### *Tilfni*

Vísað er til tölvuskeytis yðar frá 22. október sl. um ofangreint þingmál.

### *Almennt um frumvarpið*

#### *Fyrri tillögur talsmanns neytenda*

Ég vil fagna þessu frv. - sem hefur sama markmið og tillaga sem ég sendi viðskiptaráðuneytinu hinn 11. október 2006 í umsögn um drög að frumvarpi til laga um fyrningu kröfuréttinda (<http://talsmadur.is/Pages/274?NewsID=38>); þar vakti ég athygli á að unnt væri að halda við kröfu - endalaust - með því að slíta fyrningu hennar með fullnustugerðum. Taldi ég almenning ekki meðvitaðan um þennan möguleika - og álitamál hvort slíkur réttur samrýmdist réttarvitund almennings. Að því sögðu lagði ég til að ráðuneytið íhugaði - t.d. í samráði við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna (nú embætti umboðsmanns skuldara)

#### talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

„að takmarka hvort, við hvaða skilyrði eða hversu oft kröfuhafi getur slitið fyrningu kröfu og þannig - fræðilega séð - haldið henni endalaust í gildi án takmarkana.“

Tillaga þessi var formlega áréttuð þegar umsögn um sama mál var send frá talsmanni neytenda til viðskiptanefndar 21. nóvember 2007 (<http://talsmadur.is/Pages/274?NewsID=704>):

„Ég tel eðlilegt að viðskiptanefnd ihugi að fjárkröfur á hendur neytendum hafi endanlegan gildistíma í þeim skilningi að lög um fyrningu kröfurettinda leggi bönd á það við hvaða skilyrði eða hversu oft kröfuhafi getur endurnýjað kröfu með því að slíta fyrningu kröfu að nýju.“

Hvorki viðskiptaráðuneytið né viðskiptanefnd Alþingis féllust að neinu leyti á þessar tillögur talsmanns neytenda. Hefur sú afstaða, sem í tillögunni fólst, síðan gjarnan verið áréttuð þar sem við á, t.d. við þingmenn og ráðherra, svo og í fjölmiðlum. Eftir bankahrun taldi talsmaður neytenda stórtækari aðgerðir nauðsynlegar vegna fyrirsjáanlegs og vaxandi skuldavanda heimilanna - og þá aðgerðir sem forðuðu þroti sem flestra, sbr. einkum tillögu TN 09-2 til forsætisráðherra frá 27. apríl 2009 um eignarnám og niðurfærslu íbúðarveðlána eftir mati gerðardóms (<http://talsmadur.is/Pages/637?NewsID=1037>); svipuð tillaga - að bílalanum viðbættum - var fjórum mánuðum síðar send um 25 fjármálagfyrirtækjum og öðrum kröfuhöfum (<http://talsmadur.is/Pages/55?NewsID=1078>).

Hvað sem líður framangreindri forsögu - fyrir og eftir efnahagshrun - vil ég lýsa yfir ánægju með það markmið sem felst í frv.

#### *Stjórnskipuleg og samanburðarlögfræðileg rök*

Eignir skuldara - þrotamanns - á hverjum tíma standa til fullnustu kröfum á hendur honum; erfitt er að taka þann rétt af kröfuhöfum og sjálfsagt að halda rétti kröfuhafa til haga en hann hefur reyndar lengi verið nokkuð ríkur í íslenskum rétti. Gildir þetta hvort sem um er að ræða um einstaka (d. singular) fullnustuaðgerð eða allsherjar (d. universal) fullnustuaðgerð sem felst í því að „bú“ - þ.e. *fyrirliggjandi* eignir - skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta, þ.e. skipta á milli kröfuhafa eftir tilteknum (jafnræðis)reglum.

Öðru máli gegnir um *fram tíðar* eignir skuldara - aflahæfi hans; það á hann sjálfur og verður það ekki af honum tekið.

Telja verður ljóst að krafa á aflahæfi manns í *fram tíðinni* njóti ekki stjórnarskrárverndar. Því er ljóst að engin stjórnskipuleg álitamál vakna er frv.

Þetta er metið. Má þá einnig líta til breskra og bandarískra lagakerfa þar sem slíkar kröfur njóta almennt ekki viðlíka réttarverndar og héraendis enda er slík kröfugerð um aldur og ævi talin minna á þrælahald eða skuldafangelsi.

Þvert á móti hlýtur framtíðaraflahæfi hvers manns að tilheyra honum sjálfum - en ekki eldri kröfuhöfum. Til stuðnings þessari meginreglu má í dæmaskyni í fyrsta lagi nefna 3. mgr. 72. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 þar sem bann er lagt við því að það sem annað hjóna kunni að eignast framvegis verði endurgjaldslaust eign hins - en þetta er gert til þess að vernda aflahæfi hins fyrrnefnda. Í öðru lagi má nefna til dæmis 45.-47 gr. laga nr. 90/1989 um aðför þar sem bann er lagt við aðför í margvíslegar kröfur til framfærslu skuldara, svo sem ógreiddum launum, eftirlaunum, uppsagnarlaunum, örorkubótum, framfærslueyri, meðlagi, bótum, dagpeningum, lífeyri og styrkjum úr almannatryggingum eða frá styrktarsjóðum stéttarféлага, svo og lífeyrissjóðsgreiðslum. Fleiri dæmi mætti nefna til stuðnings meginreglunni. Aðeins fá og takmörkuð frávik er á hinn bóginn unnt að finna, svo sem skammvinna heimild til þess að takmarka með samningi aflahæfi manns í samkeppnisrekstri í skamman tíma eftir að hann lauk störfum hjá samkeppnisaðila; sú takmörkun, sem dómstólar hafa beitt gagnvart slíkum samningsákvæðum, er í samræmi við meginregluna.

Fleiri dæmi má nefna um ríka réttarvernd aflahæfis manns, svo sem á sviðum vinnumarkaðsréttar og skaðabótaréttar

### *Hagfræðileg rök*

Að lokum má færa þau rök að það sé öllum - skuldaranum, kröfuhafanum og þjóðfélaginu öllu - að gera þá breytingu sem lögð er til í frv. Ástæðan er sú eins og dæmin sanna hér á Íslandi að þann tíma sem kröfu er haldið við er skuldari annað hvort líklegur til þess að afla lítilla tekna en skrá ella tekjur og hugsanlegan eignaauka á maka eða aðra nákomna ellegar starfa alfarið í „svarta hagkerfinu.“

Undir þessi þjóðhagslegu rök er tekið í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að nokkru leyti (<http://www.althingi.is/alttext/139/s/0116.html>).

### *Niðurlag almennra athugasemda*

Að þessu sögðu vil ég vinsamlegast koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og tillögum um eftirfarandi atriði í frv.

### ***Um samræmingu á lengd fyrningarfrests***

Fyrst vil ég fagna þeirri tillögu sérstaklega, sem felst í frv., að samræma lengd fyrningarfrests; það hefur verið afar óheppilegt að bæði einstaklingar, hverra bú er tekið til gjaldþrotaskipta, og kröfuhafar þeirra hafi þurft að búa við mismunandi fyrningarfresti eftir uppruna krafna.

### ***Um lengd fyrningarfrests***

Með vísan til almennra athugasemda hér að ofan um fyrri tillögur talsmanns neytenda í sömu veru og röksemdir fyrir slíkri breytingu tel ég álitamál hvort 2ja ára frestur er hæfilega langur; legg ég því til breytingu á *upphafi* fyrningarfrests hér að neðan - sem getur í sumum tilvikum leitt til nokkurrar styttingar á þeim tíma sem kröfuhafar hafa til þess að slíta fyrningu í undantekningartilvikum.

### ***Um upphaf fyrningarfrests***

Fagna ber þeirri tillögu frv. að samræma upphaf fyrningarfrests gagnvart kröfum, sem lýst er við skiptin og þeim sem ekki er lýst - eins og vel er rökstutt í athugasemdum við frv. í greinargerð.

Álitamál er hvort tengja á upphaf fyrningarfrests við svo óvíst og teygjanlegt tímamark sem skiptalok eins og gert er í frv.; er þá átt við að mjög mismunandi er hvenær það tímamark er líklegt til þess að verða - enda þótt tímamarkið sjálft sé væntanlega nokkuð ljóst samkvæmt lögnum. Annars vegar geta skipti verið mjög mis umfangsmikil - m.a. eftir því hvort eigna- og skuldastaða er einföld eða flókin, svo og hvort t.a.m. þarf að leitast við að rifta ráðstöfunum eða selja vandseljanlegar eignir. Hins vegar virðist bæði vinnulag skiptastjóra og annir þeirra við önnur störf mjög mismunandi þannig að þar er annar óvissuþáttur. Því tel ég heppilegra að miða upphaf fyrningarfrests við þann dag sem úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp af héraðsdómara eða staðfestur með dómi Hæstaréttar.

Í þeirri breytingartillögu felst að 2ja ára fresturinn verður þolalegri en ella og gengur samkvæmt framangreindu ekki harkalega á rétt kröfuhafa sem auk þess nýtur ekki stjórnskipulegrar verndar þar erð framtíðaraflahæfi manns er hans eigið.

### ***Um slit fyrningar í undantekningartilvikum***

Stærsta athugasemdin sem ég geri við frv. er 2. mgr. 1. gr. frv. - einkum 2. málslíður - sem er svohljóðandi:

„Slíka viðurkenningu skal því aðeins veita með dómi að lánardrottinn sýni fram á að hann

hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu hennar.“

Þetta tel ég alltof almennt orðalag og ófært að veita dómstólum opið umboð til þess að útfæra þessa miklu - en þörfu og löngu tímabæru - stefnubreytingu af hálfu löggjafans. Hugsanlegt er dómara - vanir hefðbundninni lagaframkvæmd - túlki ákvæðið rúmt þannig að kröfuhafar teljist alltaf hafa „sérstaka hagsmuni“ af slitum fyrningar.

Því til stuðnings vil ég til dæmis nefna að í umsögn minni um þrjú frumvörp um greiðsluaðlögun, dags. 18. febrúar 2009 (<http://talsmadur.is/pages/301/NewsID/995&nc=1>), gat ég þess að árið 1998 hefði ég gert athugun á öllum skiptalokum fyrstu níu mánuði þess árs sem sýndi að 80% gjaldþrotaskipta var tilgangslaus. Í umsögninni segir m.a.:

„Í stuttu máli voru niðurstöður þessarar óbirtu rannsóknar þær að rúmlega 80% allra gjaldþrotaskipta voru algerlega árangurslausar þar sem í tæplega 65% tilvika fundust engar eignir í búinu (304 af 470) og í tæpum 16% tilvika (74 af 470) fundust ekki eignir umfram það sem þurfti til þess að greiða skiptakostnað.

Á umræddum tíma voru yfir 60% gjaldþrotaskipta hjá einstaklingum.“

Þessi mikli fjöldi tilgangslausra gjaldþrotaskiptaúrskurða lýsir að mínu mati mikilli vanahugsun í réttarkerfinu.

Þá er hugsanlegt að dómstólar leggi við upphafstúlkun þessa ákvæðis of mikla áherslu á misskilda eignarréttarvernd við túlkun slíks almenns skilyrðis, sbr. hins vegar stjórnskipuleg og samanburðarréttarleg rök á hinn veginn hér að ofan.

Staðfest er með umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis að þegar er farið að skýra ákvæðið um „sérstaka hagsmuni“ með því einu að líkindi séu á greiðslu, sbr. orðin (<http://www.althingi.is/altext/139/s/0116.html>)

„telji hann [innheimtumaður ríkissjóðs] líkur á að skuldari verði borgunarfær á næstu árum getur hann óskað eftir því gagnvart héraðsdómi að rjúfa fyrninguna og þá hefst almennur fyrningarfrestur.“

Þetta er að vísu í ósamræmi við skýringar frv.höfunda við ákvæðið í greinargerð þar sem gert er ráð fyrir tvöföldu skilyrði - bæði sérstökum hagsmunum og líkindum á fullnustu. Dæmið sýnir hins vegar að ófært er að




löggjafinn framselji grundvallaratriði - og þar að auki mikilvæga og tímabæra réttarbót - öðrum til afmörkunar. Styðst neðangreind tillaga mín einnig við þá opnu heimild sem er að finna í skýringum í greingargerð með frv. þar sem segir að hér sé „að sjálfsögðu ekki um tæmandi talningu að ræða“ og breytir það ekki þessu mati mínu þó að áréttað sé að undantekningartilvik beri að túlka þröngt.

Af þessum sökum legg ég til að inn í lagatextann sjálfan komi þau efnisskilyrði sem löggjafinn telur rétt að verði leiðandi í þessu efni - og ýjað er að í skýringum í greinargerð með frv. - þ.e. kröfur sem rekja megi til háttsemi sem telja megi

- saknæma eða
- ámælisverða.

Virðingarfyllst,  
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2010.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (108. mál).**

Umboðsmaður skuldara hefur mótttekið erindi allsherjanefndar Alþingis dags. 22. október 2010 þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Embættið er hlynnt þeirri breytingu að stytta fyrningarfrest á þeim kröfum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskipti niður í tvö ár. Telja má að stytting fyrningarfrestsins muni hjálpa þeim einstaklingum sem ganga í gegnum gjaldþrot að ná sé fyrr á réttan kjöl. Í frumvarpinu eru hins vegar lagðar til veigamiklar undantekningar frá hinum tillagða tveggja ára fyrningarfresti. Önnur þessara undantekninga felur í sér að lánardrottinn geti fengið dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum að tveimur megin skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að lánardrottinn sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu kröfunnar. Hin undantekningin er á þá leið að hafi lánardrottinn fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en tveggja ára fresturinn var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum.

Það er álit umboðsmanns skuldara að framangreindar undantekningarheimildir séu í andstöðu við tilganginn með frumvarpinu. Orðlag 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er óskýrt og það kann hugsanlega að draga úr gildi meginreglunnar um tveggja ára fyrningarfrest krafna.

Í ákvæðinu kemur fram að lánardrottinn þurfi að sýna fram á að hann hafi „sérstaka hagsmuni“ af því að slíta aftur fyrningu. Telja má að það sé mjög huglægt hvað teljist til „sérstakra hagsmuna“. Skýringar í athugasemdum með frumvarpinu eru ófullnægjandi, en þar er í dæmaskyni fjallað um kröfu á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með „saknæmri eða ámælisverðri háttsemi“ hans. Orðalagið „saknæm og ámælisverð háttsemi“ er óljóst og ekki í takt við að heimildin á að vera túlkuð þröngt, þ.a. aðeins verði um undantekningartilfelli að ræða. Það er jafnframt gagnrýnisvert að dómstólum sé svo ætlað að móta regluna í framkvæmd.

Þá segir í ákvæðinu að almennar reglur gildi um fyrningu kröfu að gengnum dómi um viðurkenningu á fyrningarslitum. Það er álit umboðsmanns skuldara að tveggja ára fyrningarfrestur ætti frekar að gilda aftur að gengnum slíkum dómi í stað almennra reglna skv. lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.



## Umboðsmaður skuldara

Í síðasta málslið ákvæðisins kemur að fram að hafi lánardrottinn fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamanns áður en tveggja ára fresturinn var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda. Þessi regla tekur ekki af tvímæli um hve langur tími megi líða frá því að kröfuhafi fékk tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni þar til hann fær fullnustu fyrir henni, án þess að krafa hans fyrnist. Orðalagið „á síðari stigum“ er óljóst og gefur enga hugmynd um einhver tímamörk í þessu sambandi.

Á grundvelli framangreinds telur umboðsmaður skuldara nauðsynlegt að þrengja enn frekar heimildina um slit fyrningarfrests. Embættið leggur því til að 1. gr. frumvarpsins hljóði svo:

**Við 2. mgr. 165. gr. bætast tveir málsliðir, svohljóðandi: Fyrningarfrestur samkvæmt ákvæðinu skal vera tvö ár og er ekki unnt að slíta fyrningu að nýju nema krafan hafi orðið til með saknæmri og ólögumætri háttsemi. Lánardrottinn skal þá höfða innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fá dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skal því aðeins veita með dómi að miklar líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gildir tveggja ára fyrningarfrestur að nýju. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir framangreind regla einnig um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.**

Framangreind tillaga myndi hindra að kröfuhafar gætu haldið kröfum sínum lifandi í langan tíma eftir gjaldþrot. Staða skuldara eftir gjaldþrot yrði þarafleiðandi mun skýrari. Samkvæmt núverandi réttarástandi geta þrotamenn átt yfir höfði sér að kröfuhafar muni viðhalda kröfum sínum í áratugi með því að slíta reglulega fyrningarfrestinum. Gjaldþrot hefur því hingað til ekki markað þau þáttaskil í skuldamálum einstaklinga sem æskilegt væri.

Embættið vill jafnframt benda sérstaklega á að ef markmiðið með lagabreytingunni á að nást, kann hugsanlega að vera þörf á að skoða þann ramma sem lög um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 setja um tímamörk skiptameðferðarinnar sjálfrar. Skiptameðferð getur tekið misjafnan tíma, allt frá nokkrum mánuðum upp í nokkur ár. Samkvæmt 2. mgr. 122. gr. gþl. skal skiptastjóri einkum gæta þess í störfum sínum að skiptum verði lokið án *ástæðulauss dráttar*. Engin tímamörk eru þó sett. Það getur verið bagalegt fyrir einstakling að þurfa að þola skiptameðferð í nokkur ár og síðan eftir að skiptum er lokið að bíða eftir að fyrningarfrestur þeirra krafna sem ekki fengust greiddar við skiptin ljúki.

Stytting fyrningarfrestsins mun óhjákvæmilega leiða til þess að einstaklingar munu í auknum mæli óska eftir gjaldþrotaskiptum. Það kann því að vera þörf á að skoða hvort dómstólar séu í stakk búnir til að takast á við fjölgun gjaldþrotaskiptabeiðna. Þá er það jafnframt umhugsunarefni hvort agavald dómstóla yfir skiptastjórum þurfi að vera markvissara, þ.a. meira eftirlit sé haft með störfum þeirra.



## Umboðsmaður skuldara

Að lokum vill embættið gera athugasemdir við að ekki sé greint frá því í 2. gr. frumvarpsins hvaða skil eiga að gilda milli eldri og yngri laga. Ef hinn nýi fyrningarfrestur tekur einungis til þeirra krafna sem ekki fást greiddar við skiptalok sem tilkynnt eru eftir gildistöku laganna, mun það óneitanlega hafa í för með sér ósanngjarna niðurstöðu fyrir þá einstaklinga þar sem tilkynnt var um skiptalok fyrir gildistöku laganna. Fyrningarfrestur þeirra krafna fer þá eftir almennum reglum skv. lögum um fyrningu kröfurettinda nr. 150/5007. Það er því nauðsynlegt að taka skýra afstöðu til þessa atriðis.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir

Allsherjarnefnd  
b/t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti, (108. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á fyrningarfresti vegna gjaldþrotaskipta.*

Viðskiptaráð Íslands telur mjög mikilvægt að leyst verður úr þeim skuldavanda sem blasir við í samfélaginu. Fjöldi heimila og fyrirtækja hafa orðið illa úti á síðustu misserum og alltof margir eiga erfitt með að komast upp úr fjárhagsvandræðum. Stjórnvöld hafa gripið til margvíslegra aðgerða til að mæta vanda heimila, m.a. með aimennri og sértækri greiðsluaðlögun, og þá hafa fjármálastofnanir jafnframt boðið uppá fjölda úrræða. Frumvarp þetta má vissulega túlka sem frekari viðbrögð við núverandi efnahagsástandi þó því sé ekki beint að fjárhagslegri endurskipulagningu sem slíkri. Frumvarpið felur í sér ýmsa kosti og galla, allt eftir því hvernig lítið er á málið, og verða þeir helstu reifaðir hér að neðan.

Frumvarpið felur í sér tillögu þess efnis að fyrningarfrestur vegna krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti er stytur í tvö ár úr fjórum eða fleiri, eftir eðli krafna. Myndi þá tveggja ára fyrningarfrestur gilda um allar kröfur á einstaklinga sem fara í þrot, óháð eðli þeirra eða uppruna. Úrræði sem þetta felur í sér ákveðna réttarbót fyrir þá einstaklinga sem fara í þrot þar sem skemmri tími er í að þeir hafi tök á byrja á ný með hreint borð. Ætla má að vegna styttra tímamarks sé ýtt undir einstaklingar leggi frekari í atvinnurekstur, sem er þessu hagkerfi líkt og öðrum afar mikilvægt.

Í frumvarpinu er þó sett fram heimild til handa kröfuhöfum til að slíta fresti fyrningar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sú heimild er bæði eðlileg og nauðsynleg með hliðsjón af hagsmunum þeirra, sem eru stjórnarskrárvarðir. Þá eru þau skilyrði sem frumvarpið kveður á um, til að unnt sé að slíta fyrningu, eðlileg í ljósi þeirrar stöðu sem kröfuhafar eru settir í. Ekki verður talið það til óeðlilegra forsendna, hvað þrotamann varðar, fyrir endurvakningu kröfu að annars vegar sé sýnt fram á sérstaka hagsmuni af slitum og hins vegar að líkur séu á fullnustu kröfu með slitum.

Hvað fyrra skilyrðið varðar þá hefur notið við gagnrýni að þetta sé haldlítið því augljósir hagsmunir séu ávallt til staðar af því að slíta fresti af hálfu kröfuhafa. Í þessu sambandi verður jafnframt að líta til síðara skilyrðis ákvæðisins. Séu bæði uppfyllt má ljóst vera að um eðlilegar forsendur fyrir slitum á fyrningarfresti sé að ræða. Síðara skilyrðið er að mati undirritaðrar nauðsynlegt í sértækum lögum sem þessum þar sem ekki verður talið eðlilegt að fyrning nál fram að ganga sé möguleiki á fullnustu. Hlýtur það að vera fyrst og fremst réttur kröfuhafa að fá fullnustu krafna sinna ef möguleiki er á því, en í annan stað er létt undir með þrotamanni og honum gert kleift að losna undan kröfum sé ekki unnt að fullnusta þeim – forgangsröðunin hlýtur að vera með þessum hætti.

Þegar lítið er til annarra áhrifa frumvarpsins á fjármálafyrirtæki til lengri tíma, fyrir utan hættu á töpuðum kröfum, má vissulega ætla að frumvarp þetta komi til með að skapa ákveðinn hvata fyrir þau að ganga frá málum með samningi við viðkomandi aðila áður en til þrota kemur. Þar verður hins vegar að hafa í huga að gjaldþrot er alltaf alvarlegt mál og er ekki að ósk neins – enda kostnaðarsamt, tímafrekt og erfitt ferli fyrir báða aðila. Umræða vegna skuldavanda hefur hins vegar samt sem áður meðal annars snúist um samningsvilja fjármálafyrirtækja og hversu erfitt virðist vera í einhverjum tilvikum að fá þau að borðinu. Frumvarp þetta ætti að liðka fyrir þar sem afskriftir blasa annars við, komi til þrota hjá viðkomandi aðila. Til að banki eigi von á að fá upp í kröfu sína er því hagstæðara fyrir þá að fara samningaleið en þrotaleið og mun það vafalaust skila sér í úrlausn margra mála verði frumvarpið að lögum.



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Líkt og nefnt var að ofan þá hafa fjölmörg úrræði verið samþykkt til hjálpar skuldsettum heimilum og stofnað hefur jafnframt verið embætti Umboðsmanns skuldara til aðstoðar þeim. Fram hefur komið að þau úrræði hafi ekki verið nýtt í þeim mæli sem búist var við. Það verður því að velta því upp hér hvort ekki sé frekar ástæða til að efla þær aðgerðir í stað þess að setja fram sértækar aðgerðir sem þessar. Eins og nefnt var að ofan þá er lítil sem enginn ávinningur fyrir fjármálastofnanir að fara gjaldþrotaleiðina. Það má sjá skýrt á því að ekki hefur verið um mikinn fjölda gjaldþrota einstaklinga<sup>1</sup> að ræða á ári hverju og ekki er æskilegt að skapa hérlandis umhverfi þar sem gjaldþrot er raunverulegur valkostur fyrir einstaklinga. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við umfjöllun málsins.

Töluverð umræða hefur skapast um frumvarp þetta og þá bæði til stuðnings þess og gegn því. Taka verður undir hluta af þeirri umræðu sem hefur átt sér stað og þau varúðarorð sem þar hafa komið fram. Sá misskilningur virðist hafa verið uppi að skilyrði frumvarpsins til að koma að slitum á fyrningu séu það væg að úrræðið komi í raun ekki að notum. Í þessu samhengi vísast til þess sem var ritað hér að ofan og einnig til orðalags greinargerðar með frumvarpinu, en í henni kemur beinlínis fram að þröng túlkun skuli ráða beitingu ákvæðisins. Til skýringar verður að leggja áherslu á að þröng túlkun er hér ekki rými heimild til slita heldur þvert á móti þrengri, þó að misskilningur um annað hafi komið fram í almennri umfjöllun.

Annar þáttur sem verður að skoða áður en frumvarp sem þetta er samþykkt eru þau áhrif sem það kann að hafa til lengri tíma lítið á lánamarkaðinn. Það verður að líta á breytingarnar sem undanþágu sem ætlað er að standa í stuttan tíma en ekki til frambúðar. Skiljanlega er ekki hægt að setja í lögín ákveðna takmörkun á gildissviði þar sem mjög erfitt er að spá fyrir um hversu langan tíma mun taka að greiða úr skuldavanda heimilanna. En ljóst verður að vera í meðförum málsins að aðeins sé um tímabundna heimild að ræða, svo ekki vinnist meiri skaði en ávinningur af því. Sú hætta er fyrir hendi að standi ákvæðið lengur en nauðsynlegt er að það fari að skaða nýja fjármögnun með hertum kröfum um tryggingar, eiginfjárframlag og vaxtastig af hálfu bankastofnana, sem leiða af aukinni hættu á töpuðum kröfum.

Einnig verður í þessu samhengi að virða ákveðið sjónarmið þegar kemur að lagasetningu sem þessari og fleirum sem hafa verið lagðar til á undanförunum misserum. Þegar lög af þessu tagi eru sett má ekki taka þá áhættu að þau verði meginregla og að útgönguleiðir vegna fjárfestinga á borð við fasteignakaup séu of auðveldar því takmörkuð ábyrgð hvíli þar að baki. Þegar umhverfi hefur verið skapað þar sem ábyrgð er aðeins tekin á fjárfestingum með fjárfestingunni sjálfri, þ.e. þegar er um íbúðarkaup er að ræða, verður til óeðlilegt ástand sem er mjög skaðlegt fyrir lánastofnanir og tilvonandi lántakendur. Varast skal að hafa kerfi þar sem gjaldþrotalög eða lög um veðábyrgðir eru með þeim hætti að einstaklingar þurfi ekki að bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum sínum. Væri þar með komið upp kunnuglegt umhverfi sem gagnrýnt hefur verið ríkum mæli, þ.e. lántökur til kaupa á hlutabréfum með veð í bréfunum einum saman. Þó undirrituð sé að sjálfsögðu ekki að bera saman þá fjárfestingu sem felst í hlutabréfakaupum saman við kaup á húsnæði fyrir fjölskylduna þá verður ekki hjá því komist að bera saman siðfræðina í báðum tilfellum og velta upp hvort verulegur munur sé þar á.

Virðingarfyllt,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo þá eru á bilinu 20 og 50 manns árlega sem farið hafa í persónulegt gjaldþrot á síðustu árum en leita þarf aftur til ársins 2004 til að finna fjölda persónulegra gjaldþrota fleiri en 200 talsins.